

GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA

2020-2021



Gleði – öRyggi - Vinátta

Starfsáætlun og skólanámskrá og

Grunnskóli Vestmannaeyja
900 Vestmannaeyjar
Ísland

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	4
STARFSÁÆTLUN	5
SKÓLADAGATAL	5
SKIPURIT	9
STJÓRNUN OG STARFSHÆTTIR	9
ALMENNAR UPPLÝSINGAR	12
SKÓLAREGLUR	14
STOÐKERFI SKÓLANS	17
SKÓLAHEILSUGÆSLA	17
SÁLFRÆÐINGUR	17
NEMENDAVERNDARRÁÐ	17
ÁFALLARÁÐ	19
NÁMSVER OG SÉRKENNSLA	20
TALKENNSLA	20
NÁMSRÁÐGJAFI	20
HVERT Á AÐ LEITA?	21
MÓTTAKA NÝRRA NEMENDA	21
ÁSTUNDUN	23
FRÍ, FJARVISTIR OG LEYFI NEMENDA	24
FÉLAGSLÍF NEMENDA	25
NEMENDARÁÐ	27
INNRA MAT	28
ENDURMENNTUNARÁÆTLUN	29
STARFSÁÆTLUN VÍKIN 5 ÁRA DEILD	31
FAGLEGT STARF	39
UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR	39
HEILSUEFLANDI GRUNNSKÓLI	40
NÁTTÚRUSKÓLI	40
ÞRÓUNARVERKEFNI 2020-2021	41
NÁM OG KENNSLA	42
GRUNNÞÆTTIR MENNTUNNAR	42
ÁHERSLA Í NÁMI	43

ÍÞRÓTTIR OG SUND	44
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ	45
LIST – OG VERKGREINAR	46
VALGREINAR	46
NÁMSMAT	47
SAMRÆMD PRÓF	49
GREININGAR OG SKIMUNARPRÓF	49
SAMSTARF VIÐ HEIMILI OG ÖNNUR SKÓLASTIG	52
NÁMIÐ	52
HEIMANÁM	52
SAMSTARF - FUNDIR	53
NEMENDUR	54
SKIPAN Í BEKKI	54
MAT Á STARFI SKÓLANS	55
INNRA MAT	55
ÁÆTLUN UM VIÐBRÖGÐ VIÐ SAMSKIPTAVANDA OG/EÐA EINELTI	57
EINELTISHRINGURINN	59
JAFNRÉTISÁÆTLUN	59

INNANGUR

Hver skóli skal birta stefnu sína á tvo vegu. Annars vegar í skólanámskrá þar sem almenn stefnumörkun er birt og hins vegar í starfsáætlun þar sem breytilegar upplýsingar eru birtar frá ári til árs. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skal semja þær í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem skuldbindur sig til að framfylgja þeim.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá gefur yfirlit yfir helstu áherslur og markmið skólans, innsýn í skólabrag, venjur og siði.

Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veitir. Skólar sem eru einkareknir og tilheyra ekki tilteknu sveitarfélagi þurfa ekki að lúta ákvæðum skólastefnu sveitarfélaga. Á vef Vestmannaeyjabæjar má lesa nánar um stefnu bæjarins í skóla og æskulýðsmálum. http://smartwebber.vestmannaeyjar.is/skrar/file/skola-og_aeskulydsstefna/skola-og_aeskulysstefna_vestmannaeyjabaejar.pdf

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Þar kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

Grunnskóli Vestmannaeyja birtir skólanámskrá sína og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 í einu hefti. Þar koma fram allar ofangreindar upplýsingar.

STARFSÁÆTLUN

SKÓLADAGATAL

Skóladagatal Grunnskóla Vestmannaeyja 2020-2021 má finna á heimasíðu GRV

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2020 - 2021

Nafn skóla:

Grunnskóli Vestmannaeyja

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. M	1. M	1. F	1. L	1. Þ
2. S	2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. Þ	2. Þ	2. F	2. S	2. M
3. Miðdagur verðisbæturanna	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F
4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. S	4. Þ	4. F
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L
6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. Þ	6. F	6. S
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. Þ
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. Þ	9. F	9. S	9. M
10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F
11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. S	11. Þ	11. F
12. M	12. L	12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. F	12. M	12. M	12. L
13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. L	13. L	13. Þ	13. F	13. S
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. M	14. F	14. M
15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. Þ
16. S	16. M	16. F	16. M	16. M	16. L	16. Þ	16. Þ	16. F	16. S	16. M
17. Þ	17. F	17. L	17. F	17. F	17. S	17. M	17. M	17. L	17. F	17. S
18. Þ	18. M	18. S	18. M	18. F	18. M	18. F	18. F	18. S	18. Þ	18. F
19. M	19. L	19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. F	19. M	19. M	19. L
20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. L	20. F	20. F	20. S
21. F	21. M	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. M	21. F	21. M
22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. M	22. F	22. L	22. Þ
23. S	23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. Þ	23. Þ	23. S	23. M	23. M
24. M	24. L	24. M	24. F	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F
25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. S	25. F	25. F
26. M	26. L	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. F	26. M	26. M	26. L
27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. L	27. Þ	27. F	27. S
28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. S	28. S	28. M	28. F	28. M
29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. Þ	29. F	29. M	29. M	29. F	29. L	29. Þ
30. S	30. M	30. F	30. M	30. M	30. L	30. Þ	30. Þ	30. F	30. S	30. M
31. M		31. L		31. F	31. S		31. M		31. M	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimn og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

9.11. maí: Þvöðagur / engingisdagur
18. maí - 2. júní: Lúðmálur / 10. hekk
2. 3. og 4. júní: Öðrvöldagur / 1. - 2. hekk
2. og 3. júní: Starfsfrelsdag / 1. og 2. hekk
Blár reitir eru stórtíð skóladagar.
Blár reitir eru stórtíð skóladagar.

9. 11. mars: Þráðagöngi í sjálfgeðandi
10.-14. maí: Ölu söfnunartími í höll 14. maí.
18. maí - 1. júní: Læknisráðgjafi í 10. hækk
2. 3. og 4. júní: Öðrvísir í 1. - 7. hækk
2. og 3. júní: Starfsfréttir í 8. og 9. hækk
Starfrættir eru skráðar á skóladagatali.
Öðrvísir eru skráðar á skóladagatali.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Starfsmannasáttmáli GRV var undirritaður haustið 2015

- ❖ Í GRV er góður starfsandi sem ber með sér virðingu, jákvæðni og samheldni.
- ❖ Í GRV höfum við metnað sem ber með sér fagmennsku, frumkvæði og árangur.
- ❖ Í GRV ríkir starfsánægja sem ber með sér gleði, hrós og vináttu.

Allir starfsmenn skólans eru bundnir þagnarskyldu um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og skulu þau fara leynt skv. lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Starsfólki og nemendum GRV er óheimilt að birta myndir eða myndbönd úr starfi skólans á vefmiðlum án samþykkis allra aðila.

Skólastjóri: Anna Rós Hallgrímsdóttir

Aðstoðarskólastjórar:

Óskar Jósúason (Hamarsskóla)

Einar Gunnarsson (Barnaskóla)

Deildarstjórar:

Rósa Hrönn Ögmundsdóttir, yngra stig

Svanhvít Friðþjófsdóttir, miðstig

Ásdís Tómasdóttir, eldra stig

Þroskaþjálfar:

Ásta Lilja Gunnarsdóttir (Barnaskóli)

Björg Bragadóttir (Hamarsskóli)

María Rós Friðriksdóttir (Hamarsskóli)

Sigríður Sigmarsdóttir (Barnaskóli)

Námsráðgjafi:

Fríða Hrönn Halldórsdóttir er í barneignarleyfi.

Eva Rut Gunnlaugsdóttir leysir Fríðu af.

Kennsluráðgjafi

Helga Sigrún Þórsdóttir

Skólasálfræðingur:

Ragnheiður Sæmundsdóttir.

Skólahjúkrunarfræðingar:

Vera Björk Einarsdóttir

Hrund Gísladóttir

Ritarar:

Heiðrún Lára Jóhannsdóttir (Hamarsskóli)
Sigurlína Sigurjónsdóttir (Barnaskóli)

Húsverðir:

Guðrún Ágústa Möller (Hamarsskóli)
Kristján Egilsson (Barnaskóli)

Umsjónarkennarar:

1. bekkur: Anna Lilja Sigurðardóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir og Unnur Líf Ingadóttir.
2. bekkur: Bryndís Bogadóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra Sigríður Sigurðardóttir.
3. bekkur: Kolbrún Matthíasdóttir, Sigríður Ása Friðriksdóttir og Þórdís Jóelsdóttir.
4. bekkur: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Erla Signý Sigurðardóttir, Íris Pálsdóttir og Margrét Elísabet Kristjándóttir.
5. bekkur: Daníel Geir Hjörvarsson, Ester Sigríður Helgadóttir, Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir.
6. bekkur: Arnheiður Pálsdóttir, Helga Harðardóttir, Jóhanna Alfreðsdóttir og Sara Jóhannsdóttir.
7. bekkur: Esther Bergsdóttir, Kristinn Guðmundsson og Þórey Friðbjarnardóttir.
8. bekkur: Hildur Jónasdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir og Ólafía Ósk Sigurðardóttir.
9. bekkur: Evelyn Bryner og Guðríður Jónsdóttir.
10. bekkur: Berglind Þórðardóttir og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Aðrir kennarar:

Arna Björg Sigurbjörnsdóttir	Lára Skæringsdóttir
Ásta Kristmannsdóttir	María Pálmadóttir
Ástríður Júlíusdóttir	Marta Sigurjónsdóttir
Birgit Ósk Baldursd. Bjartmars	Nina Anna Dau
Bjartey Gylfadóttir	Ólafur E. Lárusson
Björn Elíasson	Ragnheiður Borgþórsdóttir
Eyvindur Steinarsson	Snorri Rútsson
Guðbjörg Guðmannsdóttir	Súsanna Georgsdóttir
Guðný Jensdóttir	Sverrir Marinó Jónsson
Harpa Hauksdóttir	Thelma Sigurðardóttir
Helga Björg Garðarsdóttir	Valgerður Bjarnadóttir
Herdís Rós Njálisdóttir	Þóra Gísladóttir
Hilmar Ágúst Björnsson	Þórhallur Barðason
Hrafnhildur Ósk Skúladóttir	
Jarl Sigurgeirsson	
Jónatan Guðni Jónsson	
Kristín Gísladóttir	

Skólasafnverðir/upplýsingaver

Kristín Sigurðardóttir – 1.-4. bekkur	Sæfinna Ásbjörnsdóttir – 5.-10. bekkur
---------------------------------------	--

Stuðningsfulltrúar:

1.-4. bekkur:	5.-10. bekkur:
Andrea Kjartansdóttir (afleysingar)	Emma Kristjánsdóttir
Andri Ísak Sigfússon	G. Karen Tryggvadóttir
Anna Lilja Tómasdóttir	Guðbjörg Helgadóttir
Erla Gísladóttir	Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir
Halldór Páll Geirsson (afleysingar)	Inga Hanna Andersen
Íris Huld Gunnarsdóttir	Ingunn Arnórsdóttir
Jóhanna K. Reynisdóttir	Róbert Sigurðsson
Hjördís S. Traustadóttir	Rósa E. Guðjónsdóttir
Lilja Ólafsdóttir	Sigtryggur Daði Rúnarsson
Sesselja G. Pálsdóttir	Sigríður Vigdís Ólafsdóttir
Þóra Sif Kristinsd.	Soffía Valdimarsdóttir

Skólaliðar:

1.-4. bekkur:	5.-10. bekkur:
Dagrún Sigurgeirsdóttir	Helena Sigurðardóttir (afleysingar)
Guðný Erla Guðnadóttir	Iwona Katarzyna Ryta
Erna Tómasdóttir (barneignaleyfi)	Jenný Jóhannsdóttir
Hákon Daði Styrmissón	Kristín Ásmundsdóttir
Inga S. Árnadóttir	Marta Wawrzynkowska
Lilja Kristinsdóttir	Sigurveig Steinarsdóttir
Sara Dís Hafþórsdóttir	Sigfríð B. Ingadóttir
Snæborg Þorsteinsdóttir	Sigríður Hreinsdóttir
	Sigríður Unnur Lúðvíksdóttir

Matráðar:

Símonía Helgadóttir(Hamarsskóli)	María Sigurbjörnsdóttir (Barnaskóli)
----------------------------------	--------------------------------------

Fagstjórar:


Íslenska: 5.-10. bekkur- Svanhvít Friðþjófsdóttir

Stærðfræði: 1.-4. bekkur – Snjólaug Árnadóttir. 5.-10. bekkur - Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir

Enska: Lára Skæringsdóttir

Íþróttir: Arna Björg Sigurbjörnsdóttir

Náttúrugreinar 5.-10. bekkur: Sigurhanna Friðþórsdóttir



SAMSTARFSADILAR: VÍKIN, TÓNLISTARSKÓLINN, LEIKSKÓLAR, FORELDRAFÉLAG GRV, KENNARAFÉLAG VE, ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN, HEILSUGÆSLAN, FRÍSTUNDAVER

STJÓRNUN OG STARFSHÆTTIR

Skólaárið 2020-2021 eru 26 bekkjardeildir í skólanum með um 520 nemendum.

Grunnskóli Vestmannaeyja er starfræktur í tveimur starfsstöðvum 1. - 4. bekkur í Hamarsskóla og 5. -10. bekkur í Barnaskóla. Við GRV er einn skólustjóri, tveir aðstoðarskólustjórar (einn í hvoru húsi) og deildarstjórar á hverju skólastigi. Í Hamarsskóla er starfrækt 5 ára deild og frístundaver.

Grunnskóli Vestmannaeyja

Við Bessahraun (1. – 4. bekkur) og Skólaveg 38-40 (5. – 10. bekkur)

Pósthólf 115, 902 Vestmannaeyjar

Sími 4882200 og 4882300.

Netfang ritara eldri deildar er sigurlina@grv.is og netfang ritara yngri deildar er heidrun@grv.is

Heimasíða: <http://www.grv.is>

Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um skólastarfið s.s. skólanámsskrá og starfsáætlun, námsáætlanir, skóladagatal, ýmsar upplýsingar og eyðublað.

Skólinn opnar kl. 7:45 og er opinn til 15:30. Skóli hefst kl. 8:20, hafragrautur er í boði frá 7:50-8:15.

Skrifstofur eru opnar í báðum skólahúsum frá kl. 8:00-15:00.

Bókasafn Barnaskólans er opið alla daga á meðan skólinn er opinn en þó er lokað í hádeginu. Bókasafn Hamarsskóla er opið 8:00-13:00 alla daga og einnig frá kl. 13:00 – 14:35 á miðvikudögum. Safnverðir eru Kristín Sigurðardóttir (Hamarsskóli), Sæfinna Ásbjörnsdóttir (Barnaskóli).

Frístundaver

Heilsdagsvistun er starfrækt á vegum sveitarfélagsins frá kl. 12:30 til kl. 16:30. Umsóknum þarf að skila á skólaskrifstofu fyrir hvert skólaár. Frístundaverið er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 5. bekk. Það er til húsa í Hamarsskóla.

Félagsmiðstöðin Rauðagerði við Strandveg er starfrækt fyrir nemendur í 6. -10. bekk. Opnunartímar auglýstir í upphafi hvers skólaárs.

Fræðsluráð

Aðalmenn:

Elís Jónsson, fomaður
Arna Huld Sigurðardóttir, varaformaður
Aníta Jóhannsdóttir
Silja Rós Guðjónsdóttir
Ingólfur Jóhannesson

Varamenn:

Nataliya Ginzbul
Leó Snær Sveinsson
Rannveig Ísfjörð
Andrea Guðjóns Jónasdóttir
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir

Skólaskrifstofa Vestmannaeyja

Yfirmaður Fjölskyldu- og fræðslusviðs er Jón Pétursson og fræðslufulltrúi er Drífa Gunnarsdóttir. Aðsetur þeirra er á Rauðagerði.

Hlutverk foreldra í námi og foreldrasamstarf

Segja má að hlutverk foreldra í heimavinnu barnanna sé að koma á föstum venjum og veita aðstoð með það í huga að stuðla að sjálfstæði í vinnubrögðum. Búa til “ramma” sem gerir heimanámið að hluta daglegs lífs. Þessi rammi er bæði aðstoð og það umhverfi sem valið er til heimanáms. Eitt það mikilvægasta sem foreldrar gera er að hvetja börnin til dáða og hrósa fyrir það sem vel er gert, í stað þess að leggja áherslu á það sem miður fer. Sem dæmi má nefna barn sem er að læra að skrifa, hrósið þá fyrir þá stafi sem vel eru skrifaðir en leggið minni áherslu á hina.

Ávallt skal stefnt að góðri samvinnu heimilis og skóla í málefnum barna, bæði símleiðis og í gegnum tölvupóst. Foreldrar/forráðamenn eru að sjálfsgöðu alltaf velkomnir ef þeir vilja koma og kynna sér skólastarfið og er þeim þá bent á að hafa samband við viðkomandi kennara. Allir kennarar hafa viðtalstíma, þurfi foreldrar að ná tali af kennara hafa þeir samband við skrifstofu skólans og kennari mun svo hringja til baka þegar hann hefur lokið kennslu.

Foreldrafélag

Við Grunnskóla Vestmannaeyja er foreldrafélag starfandi sem hefur verið að auka þátttöku sína í skólastarfinu. Foreldrafélagið hefur t.d. komið að könnun á því meðal foreldra hvort það eigi að vera vetrarfrí á skóladagatalinu eða ekki. Einnig stóð félagið fyrir könnun á skólamat meðal foreldra.

Markmið félagsins eru þessi:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Stjórnina skipa:

Sara Sjöfn Grettisdóttir, formaður
Berglind Smáradóttir, gjaldkeri
Helena Þorsteinsdóttir, ritari
Kolbrún Sól Ingólfssdóttir, stjórnarmaður
Styrmir Jóhannsson, stjórnarmaður
Halla Björk Hallgrímsdóttir, fyrir 5 ára deildina

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri stýrir starfi ráðsins en auk hans sitja þar tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð fundar fjórum sinnum á hverju skólaári, 2x á önn.

Fulltrúar skólaráðs 2020-2021

Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri
Helga Jóhanna Harðardóttir kennari
Kolbrún Matthíasdóttir kennari
Sigurlína Sigurjónsdóttir starfsmaður skóla
Andrea Atladóttir foreldri
Kristín Hartmannsdóttir foreldri
nemandi
nemandi
Bragi Magnússon fulltrúi grenndarsamfélags

Varamenn

Daniel Geir Moritz kennari
Kolbrún Kjartansdóttir foreldri

Íþróttir og sund

Öll íþróttta- og sundkennsla fer fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

Persónulegar eigur nemenda

Útiföt eru geymd í eða við stofur og skór í þar til gerðum skóhillum. Þau gögn eða eigur sem nemendur kjósa að hafa með sér í skólann eins og t.d. hjólatæki, sím- og raftæki o.s.frv. eru ávallt á ábyrgð eiganda. Sama máli gegnir um fatnað og skó nemenda.

Næring

Á hverjum morgni er nemendum boðið upp á frían hafragraut frá kl. 7:55 – 8:15 í matsalnum.

Á unglingastigi er nemendum boðið upp á að kaupa gróft brauð, skyr og ávexti í matsal. GRV er Heilsueflandi grunnskóli og hefur starfað eftir þeim gildum í þónokkur ár og því lögð áhersla á að nemendur komi með hollt og gott nesti. Sætindi eru ekki leyfð í skólanum nema kennari taki annað fram.

Matur í skólanum

Einsi kaldi eldar fyrir nemendur og starfsfólk skólans og býðst foreldrum að kaupa heitar máltíðir fyrir börn sín alla daga vikunnar. Nemendum í 1. – 7. bekk býðst einnig að vera í mjólkuráskrift. Nemendur á unglingastigi geta keypt mat í frímínútum og hádegi í félagsaðstöðu.

Frímínútur

Nemendur í 1. – 7. bekk fara daglega út í frímínútur og í hádegishlé. Nemendur í 8. – 10. bekk hafa val um að fara út eða vera inni í frímínútum, í félagsaðstöðu nemenda og matsal.

Slys á skólatíma

Verði barn fyrir óhappi í skólanum er reynt að ná í foreldra og því er nauðsynlegt að símanúmer heimilis og vinnustaðar séu á skrá í skólanum.

Fyrstu viðbrögð skólans eru að koma í veg fyrir frekari slys eða meiðsli með almennri skyndihjálp. Ef hjúkrunarfræðingur er í skólanum þá er leitað til hans, annars eru meiðsli skoðuð af starfsfólki skólans. Náist ekki í foreldra sér starfsfólk skólans um að koma barninu á Heilsugæslustöðina til aðhlynningar reynist þörf á því.

Óveður – ófærð

Stefna skólans er að leggja ekki niður skólahald nema brýna nauðsyn beri til.

Í óveðri eru stjórnendur skólans alltaf í sambandi við lögreglu og ástandið metið, þ.e. hvort ástæða sé til að leggja skólahald niður, er það þá gert í samráði við lögreglu, ef staðan er metin þannig að ekki sé óhætt að vera á ferli.

Telji forráðamenn nemenda veður eða veðurútlit varhugavert þótt engin tilkynning hafi borist frá skóla varðandi skólahald, er það alltaf foreldra að meta hvort þeir telji rétt að senda börn sín af stað í skólann og ber þá að tilkynna forföll til ritara/umsjónarkennara strax að morgni. Alltaf er starfsfólk til staðar í skólanum til að taka á móti þeim sem komast. Í hvert skipti verður metið hvort nemendur geti farið fótgangandi á milli skólahúss og íþróttahúss. Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þá er nemendum skólans ekki hleypt heim nema

foreldrar sækja þá eða tryggi börnum sínum örugga heimferð á annan hátt. Nemendum er tryggð aðstaða í skólanum svo lengi sem þarf.

Viðbröð við vá

Grunnskóli Vestmannaeyja er með viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs innflúensu og vegna Covid- 19.

Þær má finna á heimasíðu skólans:

<https://grv.is/skrar/file/vidbragdsaaetlanir/vidbragdsaaetlun-almannavarna-grv.pdf>
<https://grv.is/skrar/file/vidbragdsaaetlanir/verkefnisstjorn-vidbragdsaaetlunar-uppfaerd-vidbragdsaaetlun.pdf>

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun sem sótt er á vef almannavarna ríkisins. Kennurum er ætlað að fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta með nemendum sínum á hverju hausti. <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Af eldgosum getur stafað hættu af hraunrennsli og öskufalli. Öskufall úr einu gosi getur borist um allt land eftir veðri. GRV vinnur eftir viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vestmannaeyjum sem finna má á vef almannavarna: file:///C:/Users/annaros/Downloads/eldgos_vey_utgafa_1.23012017.pdf

Rýmingaráætlun

Ef eldur er laus í húsinu er mikilvægt að allir séu með hlutverk sitt á hreinu. Gerðar hafa verið rýmingaráætlanir fyrir hvort skólahús og farið er yfir hana að hausti. Fyrst með starfsfólki og svo með nemendum í brunaæfingu. Rýmingaráætlanirnar má finna á heimasíðu skólans <http://grv.is/is/page/rymingaraaetlanir>

Meðferð skólabóka

Nemendur fá úthlutað einu eintaki af hverri námsbók sem þeir þurfa. Ef bók glatast ber forráðamönnum að greiða fyrir nýja bók. Nemendur skulu ávallt hafa hugfast að fara vel með bækur skólans og skila þeim í góðu ástandi.

Umhverfisvænn skóli

Í GRV er allt rusl flokkað, markvisst hefur verið unnið að því að minnka pappírnotkun og einn liður í því er að endurnota þann pappír sem fellur til.

Almennar reglur í Grunnskóla Vestmannaeyja:

Ég sinni hlutverki mínu
Ég virði rétt annarra
Ég kem fram af kurteisi
Ég virði eigur mínar og annarra

Viðbrögð ef út af bregður:

1. Starfsfólk byrjar á að taka á málum og spyrja nemanda um hlutverk sitt og nemandinn fær tækifæri til að bæta sig.
2. Ef nemandinn bætir sig ekki þá er áminning skráð, haft samband heim og umsjónarkennari látinn vita.
3. Stjórnendur taka við málinu og leiðbeina nemanda.

Skýr mörk - Ófrávíkjanlegar grundvallarreglur:

Hegðun sem ógnar öryggi er óheimil	Hegðun sem hindrar nám og kennslu er óheimil
✓ Áhættuhegðun ✓ Ávana- eða fíkniefni þar með talið áfengi og tóbak ✓ Barefli og önnur vopn ✓ Einelti ✓ Líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi* ✓ Skemmdarverk ✓ Þjófnaður ✓ Ögranir eða hótanir	✓ Ítrekuð brot á almennum reglum. ✓ Óvirðing, ögrun.

* Ef staðfesting eða grunur er um að nemandi hafi orðið fyrir ofbeldi er fulltrúi barnaverndar/lögreglu hafður með í ráðum.

Hvað gerist ef ófrávíkjanlegar grundvallarreglur eru brotnar?

Ef ófrávíkjanlegar reglur eru brotnar **beitir starfsmaður viðurlögum samstundis án umræðu og vísar þá máli til stjórnenda til úrvinnslu**. Skólastjórnnandi (deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri) tekur ákvörðun um næstu skref. Hann skráir málið úrvinnslu þess í dagbók nemenda í Mentor og upplýsir forráðamenn um stöðu mála. Sendir viðkomandi umsjónarkennara tölvupóst um úrvinnslu mála eða gerir honum grein fyrir því með öðrum hætti eins fljótt og unnt er.

Þetta tekur lengri tíma en að leiðrétta brot á almennri reglu, aðilar málsins þurfa að ná hugarró, áður en hægt er að byrja á að leysa alvarleg mál af þessu tagi og gera áætlun um úrbætur.

Viðurlög ef skýr mörk eru rofin:

Foreldrar fá ávallt að vita ef viðurlögum er beitt.

Viðurlög	Úrvinnsluleiðir
• Unnið í einveru. • Skrifleg skilyrði sett af skóla og heimili. • Nemanda gert að mæta reglulega til eftirlits í ákveðinn tíma í framhaldi af settum skilyrðum. • Eftirlit fylgdarmanns í frímínútum eða kennslustund. • Nemandi gerir samning og fær aðhaldsblað. • Nemanda vísað heim til næsta dags – sóttur af forráðamanni. * • Nemanda vísað heim til upphafs næstu viku. *	• Foreldrar koma í skólann með nemanda þar sem gerð er áætlun. Skólastjórnnandi og/eða kennari ræða við nemandann og forráðamann. • Ef nemanda er vísað heim þarf hann að mæta ásamt forráðamanni á skrifstofu skólans næsta morgun. Nemandi mætir ekki í skólann fyrr en fundur hefur átt sér stað. • Mál færist yfir til nemendaverndarráðs, barnaverndaryfirvalda og/eða lögreglu.

*Stjórnendur skólans taka ákvörðun um hvort nemanda sé vísað heim

Skólinn hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur vegna tilvika þegar nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða og þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda, bregðast við hótunum eða rökstuddur grunur er að nemandi sé undir áhrifum fíkniefna eða vímuefna.

- Foreldrar/forráðamenn eru kallaðir til.
- Óskað er eftir að nemandinn fari í prufu til að ganga úr skugga um að hann sé/sé ekki undir áhrifum.

- Fáist staðfest að nemandi hafi verið undir áhrifum er honum vísað tímabundið frá skóla, eða á meðan mál hans eru skoðuð frekar í samvinnu við félagsþjónustu Vestmannaeyja.

Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði ágreiningur milli forráðamanna og skólans varðandi málefni nemanda og ekki næst samkomulag á heimavelli getur hvor aðili um sig vísað málinu til Fræðslu- og menningarráðs Vestmannaeyjabæjar og síðan menntamálaráðuneytis.

Snjalltækjanotkun

Í GRV þurfum við öll að gæta öryggis í notkun snjalltækja, tryggja vinnufrið nemenda og starfsmanna og sýna hvert öðru tillitssemi

Hvernig virka reglurnar ?	Hvað ef.. ?
- Öll notkun farsíma er <u>óheimil í kennslustundum</u>. Síminn skal geymdur í skólatösku, ekki í fatnaði/vösum eða á borði. - Þegar gengið er inn í kennslustofu þarf að taka heyrnartól úr eyrum og setja símann ofan í tösku. - Sími skal stilltur á flugstillingu, svo hann hvorki hringi né sendi merki (hljóð eða titring). - Kennari getur heimilað notkun síma í kennslustund í námslegum tilgangi. Ef kennari leyfir hlustun á tónlist meðan unnið er má einungis hlusta á lagalista, (ekki vera að skipta um lög/lagalista). - Símanotkun nemenda er <u>óheimil</u> í búningasklefum og íþróttasölum. - Mynd- og hljóðupptökur eru ALLTAF óheimilar nema með sérstöku samþykki kennara eða stjórnenda. - Einungis 8. -10. bekkur má nota síma í skólanum. - Litið er svo á að símar/snjallúr yngstu nemenda skólans séu fyrst og fremst öryggistæki sem notist eftir skóla.	- Ef nemandi fer eftir þessum reglum mun hann njóta þess að hafa símann sinn í skólanum - Ef nemandi fer <u>ekki</u> eftir þessum reglum getur hann valið um að: a) Afhenda símann, sem verður geymdur á skrifstofu skólans til loka skóladags nemanda b) Fara til stjórnenda og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins. Við síendurtekin brot hafa stjórnendur samband heim og nemandi skilur tækið sitt eftir heima í einn eða fleiri daga. <u>Öll snjalltæki sem nemandi hefur meðferðis í GRV eru á ábyrgð nemenda</u> Nemendur skulu fara eftir umgengnisreglum snjalltækja í eigu skólans.
	Pessar reglur gilda um öll snjalltæki, ekki einungis síma.

IPADAR
REGLUR

UMGENGISREGLUR TÆKJA

- SPRITTUM HENDUR FYRIR OG EFTIR NOTKUN.
- HÖLDUM Á IPAD MEÐ BAÐUM HÖNDUM ÞEGAR VIÐ FÖRUM Á MILLI STADA.
- IPAD SKAL ÁVALLT VERA Í HULSTRÍ.
- EKKI FIKTA Í STILLINGUM, SÆKJA FORRIT EÐA EYÐA ÚT NEMA MEÐ LEYFI KENNARA.
- LOKID ÖLLUM FORRITUM EFTIR NOTKUN/ MUNA SKRÁ ÚT ÚR GOOGLE.
- SMELLUM VARLEGA Á SKJÁINN
- ENGIN MATVÆLI NÁLEGT TÆKJUNUM
- **EKKI** ER HEIMILT AÐ TAKA MYNDIR/MYNDBÖND NEMA MEÐ SAMÞYKKI.

Þrátt við umgengisreglur: Skráð í dagbók á Monitor og tilkynning nand til forráðamanna. Nemendur geta minnst notkunarett við ótrúad brot.

© Grunnskóli Vestmannaeyja 2020

SKÓLAHEILSUGÆSLA

Skólahjúkrunarfræðingar eru tveir, Vera Björk Einarsdóttir og Hrund Gísladóttir. Skólaheilsugæslan er markvisst framhald af ungubarnaeftirliti og sér um reglubundnar skoðanir og bólusetningar:

1. bekkur: lífsstílsmat, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
2. bekkur: sjónpróf og tengslakönnun.
3. bekkur: Leyndarmálið. Forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi. Samvinnuverkefni Menntamálaráðuneytisins og Blátt áfram samtakanna.
4. bekkur: hæðarmæling, þyngdarmæling og sjónpróf. Lífsstílsmat, viðtal við hjúkrunarfræðing.
5. bekkur: tengslakönnun.
6. bekkur: nemendur fá afhent hefti um kynþroskann og farið er yfir það með þeim.
7. bekkur: skoðun hjá hjúkrunarfræðingi, hæðarmæling, þyngdarmæling, sjónpróf. Ónæmisaðgerð gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Stúlkum boðið uppá ónæmisaðgerð gegn leghálskrabbameini (HPV).
9. bekkur: Lífsstílsmat með viðtali. Sjón- og heyrnarpróf, ónæmisaðgerð gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa.

Fræðsluefni er komið í 1. – 9. bekk um 6-H heilsunnar og von er á efni fyrir 10. bekk. Þar er lögð áhersla á Hollustu, Hvíld, Hreyfingu, Hreinlæti, Hamingju og Hugrekki.

Netfang Veru Bjarkar er vera@grv.is og Hrundar er hjukka@grv.is. Foreldrum er boðið að hafa samband vegna barna sinna ef eitthvað er.

SÁLFRÆÐINGUR

Ragnheiður Sæmundsdóttir er skólasálfræðingur GRV. Ragnheiður hefur aðsetur í Rauðagerði en kemur einu sinni í hvora skólabygginguna í viku. Ef nemendur þurfa á þjónustu skólasálfræðingsins að halda skulu forráðamenn og kennari skila inn tilvísun til skólaþjónustunnar í gegnum nemendaverndarráð. Foreldrar/forráðamenn leita til aðstoðarskólastjóra GRV vegna tilvísana eða frekari upplýsinga um þjónustu skólasálfræðings.

NEMENDAVERNDARRÁÐ

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, fulltrúar skólaþjónustunnar, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og kennsluráðgjafi. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Fundað er aðra hverja viku allt skólaárið. Kennarar vísa til nemendaverndarráðs málum er varða velferð nemenda. Umsjónarkennari skal upplýstur um stöðu mála.

Verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna GRV til barnaverndarnefndar

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta“

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

Með framangreindum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn skólans meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig hátt að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar í sveitarfélaginu. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

Hvað ber að tilkynna?

Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi eða að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu. Hafa ber í huga að oft á tíðum er erfitt að tengja vanræksluna eða ofbeldið við eitthvert eitt atriði og ljóst er að ekki er unnt að nefna öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Því þarf ætíð að meta hvert tilvik sjálfstætt.

Hver tilkynnir og hvernig?

Hafi starfsmaður skólans grun um að hlutirnir séu ekki á þann hátt sem best væri varðandi barn vísar hann málinu til nemendaverndarráðs. Taki ráðið ákvörðun um að vísa málinu til barnaverndarnefndar er það gert í nafni skólastjórnanda. Þrátt fyrir að verklag skólans geri ráð fyrir ákveðnu ferli innan stofnunarinnar getur einstakur starfsmaður einnig tilkynnt til barnaverndarnefndar. Tilkynning er þá frá viðkomandi starfsmanni sem nýtur ekki nafnleyndar.

Tilkynningin þarf að vera rökstudd. Oft á tíðum getur verið erfitt að meta hvort um vanrækslu sé að ræða eða ekki og stundum getur verið um einhverja tilfinningu að ræða sem mikilvægt er að fá aðstoð við að skilja hvers vegna hefur vaknað. Í þessum tilvikum er unnt að hringja í viðkomandi barnaverndarnefnd og ræða tilvikið nafnlaust og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort tilkynna eigi um málið eða ekki.

Verklagsreglur fyrir Grunnskóla Vestmannaeyja vegna barnaverndarmála má finna á heimasíðu skólans

<http://grv.is/skrar/file/stodkerfi/verklagsreglur-um-samvinnu-grv-og-barnaverndar.pdf>

Samskipti við foreldra

Foreldrar skulu að jafnaði látnir vita af tilkynningunni og þeim gerð grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í þeirra garð og að markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að ræða ekki við foreldra eða barnið um það heldur hafa strax samband við barnaverndarnefnd. Það er síðan hlutverk starfsmanna nefndarinnar að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd

Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt málið til barnaverndarnefndar eða ekki.

Barnaverndarmál eru oftast flokkuð á eftirfarandi hátt: Vanræksla, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun. Mörkin milli hinna ólíku flokka eru stundum óljós og ótal atriði er unnt að setja undir hvern flokk.

Nánari upplýsingar um vinnslu barnaverndarmála má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is

ÁFALLARÁÐ

Í meginatriðum er hlutverk áfallaráðs að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða, þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.

Áætlunin nær til eftirfarandi áfalla sem nemendur, starfsfólk og aðstandendur beggja hópa geta orðið fyrir: Alvarleg slys, alvarleg veikindi, langvinnir sjúkdómar eða andlát.

Áfallaráð fundar að hausti og athugar hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Ráðið ræðir þau áföll sem upp hafa komið og tekur ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið.

Áfallaáætlun GRV má finna á heimasíðu skólans:
<http://grv.is/skrar/file/ymislegt/afallaaetlun-grv.pdf>

NÁMSVER OG SÉRKENNSLA

Þrjú námsver eru starfrækt í skólanum. Eitt á hverju skólastigi og er tilgangur námsvers að þjónusta nemendur sem hafa ekki náð lágmarksfærni í ákveðnum námsgreinum og vinna með nemendum sem hentar betur að vinna í smærri hópum. Stuðningsfulltrúar eru sérdeildar- og sérkennslunemendum til aðstoðar við athafnir daglegs lífs og sinna ýmsum stuðningi undir leiðsögn kennara.

Markmið námsvers er að:

- Nemendur fái kennslu við hæfi.
- Styrkja veika og sterka þætti nemenda.
- Auka vellíðan og áhuga.
- Efla sjálfstraust.
- Þjálfra sjálfstæð vinnubrögð.

Kennslan fer fram sem einstaklingskennsla eða hópkennd og er námsverinu skipt í smærri einingar eftir þörfum hverju sinni. Nemendur sem vinna í námsveri geta ýmist verið þar í skemmri eða lengri tíma, samtímis því að vera í almennum bekk.

Kennsla getur farið fram á mismunandi stöðum hverju sinni, t.d. í tölvuveri og á bókasafni, allt eftir viðfangsefni hverju sinni.

Kennarar í námsveri skulu starfa í nánú samstarfi við deildarstjóra stigsins og umsjónarkennara nemendanna sem njóta þar þjónustu og sækja samráðsfundi kennara þeirra skjólstæðinga.

TALKENNSLA

Tinna Tómasdóttir er sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur. Skólaskrifstofa Vestmannaeyja hefur gert samning við hana um að sinna greiningum á talmeinafanda leik- og grunnskólabarna ásamt ráðgjöf við starfsfólk skóla. Beiðnir berist frá nemendaverndarráði til sérfræðiþjónustu skóla á þar til gerðum eyðublöðum og fara fram skv. tilvísunum skólaskrifstofunnar.

NÁMSRÁÐGJAFI

Náms- og starfsráðgjafi í Grunnskóla Vestmannaeyja vinnur náið með nemendum bæði einstaklingslega og í hópum. Hann er í samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og/eða utan skólans. Náms- og starfsráðgjafi situr fundi í nemendaverndarráði ásamt því að vera í stoðteymi skólans. Hægt er að leita til náms- og starfsráðgjafa í skólanum með málefni er tengjast námi nemenda eða væntanlegu framhaldsnámi eða starfi. Hann sinnir persónulegri ráðgjöf, námsráðgjöf, námstækni, náms-

og starfsfræðslu og býr nemendur undir skólaskipti og frekara nám og starf. Síðast en ekki síst vinnur hann að betri samskiptum og líðan nemenda innan veggja skólans. Námsráðgjafi við GRV er í 100 % starfi og er með aðsetur í Barnaskóla en sinnir einnig málefnum Hamarsskóla.

HVERT Á AÐ LEITA?

Ef upp koma spurningar eða vandamál af einhverju tagi er gott að vita hvert hægt er að leita og hverjir geta helst komið til aðstoðar.

Hvað þarf að leysa?	Hvert á að leita?	Aðrir sem koma að málinu
Námsörðugleikar	Umsjónarkennari Deildarstjóri Námsráðgjafi	Nemendaverndarráð Sérkennarar Skólasálfræðingur
Samskipti	Umsjónarkennari Deildarstjóri Námsráðgjafi	Nemendaverndarráð Skólastjórnnendur Skólasálfræðingur Þroskaþjálfari
Einelti	Umsjónarkennari Deildarstjóri Námsráðgjafi	Nemendaverndarráð Skólastjórnnendur Skólasálfræðingur
Hegðun	Umsjónarkennari Deildarstjóri	Nemendaverndarráð Skólastjórnnendur Skólasálfræðingur
Vanlíðan – veik sjálfsmynd	Umsjónarkennari Námsráðgjafi	Nemendaverndarráð Skólasálfræðingur Skólahjúkrunarfræðingur Þroskaþjálfari
Sorg – ástvinamissir – skilnaður	Umsjónarkennari Skólastjórnnendur	Áfallateymi Skólasálfræðingur Sóknarprestur
Ofbeldi	Umsjónarkennari Deildarstjóri	Nemendaverndarráð Skólastjórnnendur Skólasálfræðingur
Tal- og málörðugleikar	Umsjónarkennari Deildarstjóri	Talmeinafræðingur
Túlkaþjónusta	Aðstoðarskólastjóri	

MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA

Allir foreldrar með lögheimili í Vestmannaeyjum eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín í GRV.

Þegar foreldrar óska eftir skólavist fyrir barn sitt skal afhenda þeim Upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna, sjá www.menntasvid.is. Í bæklingnum, sem er til á mörgum tungumálum, er greint frá leiðarljósi og starfsemi íslenska grunnskólans, innritun, hlutverki foreldra og þjónustumiðstöðva. Foreldrum er sérstaklega bent á að kynna sér hvað þeir þurfa að taka með í innritunarviðtalið, þ.e. upplýsingar um fyrri skólagöngu, s.s. einkunnir og greiningar, heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð. Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu.

Við fyrstu komu í skólann fær fjölskyldan afhent innritunarblað og bókaður er tími fyrir móttökuviðtal. Mikilvægt er að sá sem tekur við bókuninni skrái niður nafn nemandans, fæðingarár, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra til þess að tryggja góðan undirbúning fyrir sjálft móttökuviðtalið.

GRV hefur útbúið handbók fyrir allt starfsfólk til að vinna eftir þegar nýir nemendur koma í skólann. Þar eru gagnlegar upplýsingar og eyðublöð sem mikilvægt er að hafa við höndina þegar nýr nemandi kemur í skólann. Handbókina má finna á heimasíðu skólans.

<http://grv.is/skrar/file/skolinn/mottokuaetlun.pdf>

Móttökuviðtal

Verðandi umsjónarkennari og deildarstjóri taka á móti nemanda og forráðamönnum hans. Ef þörf er á skal túlkur boðaður í viðtalið. Ritari/umsjónarkennari finna til öll nauðsynleg gögn fyrir væntanlegan nemanda:

- ☐ Stundaskrá
- ☐ Skóladagatal
- ☐ Skólareglur
- ☐ Bekkjarlista, allir bekkir í árganginum
- ☐ Símanúmer og netfang skólans
- ☐ Netfang umsjónarkennara
- ☐ Umsóknareyðublað fyrir mat, ávaxta- og mjólkuráskrift
- ☐ Upplýsingar um umsóknir í frístundaheimili
- ☐ Upplýsingar um tilhögun íþrótta- og sundkennslu
- ☐ Upplýsingar á móðurmáli nemandans ef til er

Upplýsingar til foreldra


Helstu starfshættir skólans eru kynntar:

- ☐ Bæklingar. Nemanda og foreldrum afhentir þýddir bæklingar og upplýsingar, s.s. í skólanum, skólareglur grunnskóla í myndrænum búningi og íþrótta- og tómstundastarf í Vestmannaeyjum. Efni bæklinganna kynnt lítillega.
- ☐ Upplýsingar um þjónustu sem stendur nemendum sem eru innflytjendur sérstaklega til boða.
- ☐ Nemanda og foreldrum er afhent skóladagatal, innkaupalistar og stundaskrá og önnur gögn eftir því sem við á. Efni þessara gagna útskýrt eftir þörfum, sérstaklega er minnt á starfsdaga, skerta daga, foreldradaga og hefðir sem tengjast frídögum, svo sem bolludegi og öskudegi.
- ☐ Upplýsingar um hvað nemandi skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega (s.s. skólatösku, pennaveski, íþróttaföt og sundföt o.s.frv.) og hvað skólinn útvegar (s.s. nemendabækur, bókasafnsbækur).
- ☐ Stutt kynning um skólareglur varðandi klæðnað, notkun farsíma, o.fl.

- Hvernig skóladagurinn fer fram.
- Venjur tengdar bekkjarstarfi, afmælisboð o.s.frv.
- Nauðsynleg símanúmer í skólanum og upplýsingar um viðtalstíma og netföng kennara.
- Hvernig á að tilkynna forföll og biðja um frí.
- Aðstoð við heimanám og hvert nemandinn á að snúa sér ef vandamál koma upp.
- Kynning á Mentor.
- Mötuneyti og greiðslufyrirkomulag kynnt.
- Nesti, hvenær og hvað má koma með og hvað ekki.
- Staðsetning og aðstaða fyrir íþrótt- og sundkennslu.
- Íþróttaföt og sundföt.
- Reglur um notkun sturtu.
- Heilsugæsla á vegum skólans.
- Frístundaheimili, starfsemi þess, opnunartími og verðskrá.

ÁSTUNDUN

Nemendur skólans eru hvattir til stundvísi frá fyrsta skóladegi. Kennarar hafa ávallt þau viðmið að nemandi fær skráð seint í tíma komi hann eftir að kennslustund er hafin. Nemandi sem fær leyfi til að fara tímabundið úr kennslustund en snýr ekki til baka fyrr en henni er lokið/er að ljúka fær skráða fjarvist. Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á mætingar nemenda þar sem aukin fylgni er á milli góðrar ástundunar og góðs árangurs í námi. Starfsmenn skólans vinna eftir eftirfarandi vinnuferli.



Upplýsingar um frídaga nemenda koma fram á skóladagatali hverju sinni.

Fjarvistir nemenda ráða miklu um hvort góður árangur næst í námi hvers og eins. Lög kveða skýrt á um að forráðamenn sjái um að nemendur sækji skóla dag hvern. Óheimilar fjarvistir nemenda og að mæta of seint hafa áhrif á skólasóknareinkunn hvers og eins. Þegar um veikindi umfram tíu daga er að ræða á skólaárinu getur skólinn krafist vottorðs frá lækni.

Ef um veikindi er að ræða skal forráðamaður tilkynna slíkt, daglega, til umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans í síma 488 2300 (Barnaskóli) eða 488 2200 (Hamarsskóli) fyrir kl. 12:00 samdægurs. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Skólinn áskilur sér rétt til að hafna tímabundinni undanþágu frá skólasókn ef ástæða þykir til, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

Athugið að öll röskun á námi nemanda sem hlýst af leyfi til lengri eða skemmri tíma er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna og því eðlilegt að reyna að lágmarka fjarveru frá skóla eins og hægt er.

Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar þeir sem fara með forsjá barns. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og á þeim hvílir sú skylda að börnin sækji skóla. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Því má segja að menntun og velferð nemenda séu sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Reglur um ástundun nemenda eru einnig skráðar í grunnskólalög sbr. 15. gr. laga um grunnskóla frá 2008.

„Nemendum er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. Skólaskyldu er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum. Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu.“

Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólastjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms. Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn, í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti, er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu. Foreldrum ber þá að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi.

Fastir liðir í skólastarfi og félagslífi nemenda

- **Göngum í skólann** er verkefni sem skólinn hefur tekið þátt í undanfarin ár og endar með Norræna skólahlaupinu. Verkefnið stendur yfir í 4 vikur frá sept. – okt.
- **Vinavika** á haustönn hjá öllum nemendum í báðum skólum, þar er áhersla lögð á vináttu og samvinnu á ýmsan hátt. Í vinavikunni er dagur jákvæðra samskipta, árlegur dagur þar sem allur skólinn er virkjaður í vinnu sem miðar að því að ná enn öflugri samstöðu gegn einelti í skólanum okkar.
- **Náttúruvísindadagar** eru í öllum árgöngum. Á Náttúruvísindadögum sinna nemendur margvíslegum verkefnum sem öll miða að því að uppfylla námsmarkmið aðalnámsskrár í náttúruvísindum, sem eru náttúru-, eðlis- og efnafræði. Í 1. – 7. bekk á að vera skipulagður einn útikennsludagur í mánuði en í 8. – 10. bekk eru tveir útikennsludagar að hausti. **Umhverfisstígar** eru farnir í tengslum við náttúruskólann.
- **Evrópski tungumáladagurinn** er haldinn hátíðlegur í unglingadeild. Nemendur kynna sér ýmis lönd í Evrópu í hópavinnu þar sem unnin eru fjölbreytt verkefni. Hópunum er skipt þvert á árganga.
- **Forvarnardagurinn** er árlegur í 9. bekk. Hann er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.
- **Skáld í skólum:** Rithöfundar koma og lesa úr bókum sínum fyrir alla árganga skólans á haustönn.
- **Söngur á sal** á yngsta stigi. Fastur liður í skólastarfinu, nokkrum sinnum á önn.
- **Dagur íslenskrar tungu 16. nóv.** Ýmis konar skemmtileg vinna fer fram í kringum þennan dag.
- **Smiðjudagar á miðstigi** í byrjun desember þar sem í boði eru margvísleg verkefni m.a. jólaföndur, útivist o.fl.
- **Jólasundmót** í 6. bekk.
- **Jólaföndurdagur** á yngsta stigi.
- **Litlu jól** hjá öllum nemendum í báðum skólum.
- **Stóra upplestrarkeppnin.** Undirbúningur keppninnar hefst formlega í kringum 16. Nóvember á degi íslenskrar tungu. Allir nemendur 7. bekkjar taka þátt í þjálfun í upplestri og framsögn. Á vorönn eru svo valdir keppendur til að taka þátt í lokahátíð keppninnar, sem er í samvinnu við grunnskóla á suðurlandi og er haldin í mars/apríl. Lokahátíðin er haldin til skiptis í skólunum.
- **Lífshlaupið** er hvatningarverkefni sem fer fram í febrúar ár hvert.
- **Skóladagur.** Skóladagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í skólanum með ýmsu mótí og er ávallt tilgreindur á skóladagatali hvers árs. Þar er leitast við að gefa foreldrum og öðrum gestum innsýn í skólastarfið með ýmsum hætti og mikið lagt upp úr því að búa til dagskrá þar sem bæði börn og fullorðnir eigi ánægjulegan og skemmtilegan dag í skólanum okkar allra. Meðal þess sem þar fer fram eru: Danssýning, ýmis konar nemendasýningar, útileikir, tilraunir, kynningar og opin kennsla. Auk þessa hafa foreldrar og nemendur staðið fyrir ýmis konar fjáröflunum í tengslum við skólaferðalög nemenda. Þar ber hæst veitingasölu sem 5. og 9. bekkur sjá um.

- **Fjölgreindaleikar 1. -7. bekkur.** Voru haldnir í fyrsta sinn vorið 2016. Leikarnir byggja á hugmyndum/ kenningum Howards Gardners um fjölgreindirnar þar sem gengið er út frá því að allir séu góðir í einhverju og að allir eigi að fá tækifæri til að fást við það sem þeir eru sterkir í. Með fjölgreindaleikum er verið að búa til skemmtilegan viðburð þar sem nemendur og starfsfólk eiga góða daga við leik og skemmtun. Starfsmenn skólans fá að kynnst nemendum skólans á annan hátt og einnig gefst nemendum tækifæri á að kynnst hvert öðru frá 1. – 7. bekk.
- **Starfsfræðsludagar í 8. og 9. bekk** eru haldnir að vori, þar fá nemendur að kynnst starfsemi fyrirtækja í bænum, fara í heimssóknir og vinna verkefni tengt þeim.
- **Lokaverkefni í 10. bekk.** Var í fyrsta sinn vorið 2016 þar unnu nemendur í 10. bekk að stóru lokaverkefni síðustu tvær vikur ársins, kynning og sýning á verkefnum voru svo haldin fyrir foreldra og nemendur.
- **Þorablót** hefur verið haldið undanfarið ár í 1.-5. bekk í febrúar.
- **Dagur stærðfræðinnar** er haldinn fyrsta föstudag í febrúar og nemendur vinna ýmis konar skemmtilega verkefni í tengslum við hann.
- **Þemadagar hjá unglingastigi** eru haldnir í febrúar og þar vinna nemendur að ýmsum fjölbreytilegum verkefnum sem og undirbúningi fyrir árshátíð.
- **Vorfagnaður unglingastigs** er lokaball sem nemendaráð heldur til að fagna sumarbyrjun. Ballið er haldið á síðustu dögum skólans að vori.
- **Öskudagur.** Nemendur á yngsta – og miðstigi fara í mismunandi verkefni. Hver árgangur skipuleggur verkefni og vinnu fyrir daginn.
- **Dansdagur.** Haldinn hátíðlegur með dansatriði í miðbæ Vestmannaeyja í tengslum við Alþjóða dansdaginn 29. apríl ár hvert.
- **UNICEF-hreyfingin** er skemmtilegt verkefni fyrir allan skólann þar sem nemendur hljóta fræðslu um jafnaldra sína í öðrum heimshlutum og safna fé fyrir þurfandi börn um allan heim með því að stunda holla hreyfingu. 5. og 6. bekkur hafa tekið þátt í hreyfingunni undanfarin ár.
- **Örnefnagöngur.** Nemendur skólans fara í örnefnagöngur með sínum umsjónarkennara og bekkjarfélögum. Hver árgangur fer fyrirfram ákveðna leið og fær fræðslu um staðina á leiðinni. Þessar göngur eru yfirleitt farnar á vorin.
- **Nemendaferðir**
 - 5. bekkur – dagsferð, mismunandi eftir árum hvert er haldið.
 - 7. bekkur – skólaferðalag – ferð í skólabúðirnar á Úlfjótavatni.
 - 9. bekkur - dagsferð í virkjanir og Háskólalestina.
 - 10. bekkur – skólaferðalag.
 - Með bættum samgöngum við Eyjar er stefnt að því að nokkrum öðrum árgöngum gefist færi á dagsferðum, tengdum námi sínu á ári hverju.

Upplýsingar um hvenær einstaka viðburðir eru á árinu má í mörgum tilfellum finna á skóladagatali GRV.

Nemendaráð starfar við skólann skv. 10. gr. laga um grunnskóla en þar segir m.a.:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.”

Nýtt nemendaráð er kosið á hverju hausti, í því eru nemendur úr 8. – 10. bekk. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi er kosinn úr hverri bekkjardeild. Nemendaráð hefur umsjón með félagslífi nemenda skólans. Nemendaráð reynir að vinna úr hugmyndum nemenda og virkja þá til starfa í félagslífi skólans undir stjórn umsjónarmanna þess. Undanfarin ár hefur gott samstarf verið á milli GRV og félagsmiðstöðvarinnar Rauðagerðis. Unglingaráð Rauðagerðis og nemendaráð GRV vinnur náið saman og mun Breki Ómarsson vera forstöðumaður Rauðagerðis í ár í fjarveru Hebu Rúnar Þórðardóttur sem er í barneignarleyfi.

Reglur um setu í nemendaráði GRV

1. Nemendur skulu velja fulltrúa bekkjar síns að hausti ýmist með kosningu eða tilnefningu.
2. Nemendur sem sitja í ráðinu skulu vera fyrirmyndir annarra nemenda í skólanum hvað varðar ástundun og framkomu.
3. Fulltrúar í ráðinu vinna að viðburðum á vegum skólans til dæmis diskótekum fyrir yngri nemendur.
4. Nemandi sem situr í ráðinu fær vinnu sína metna sem eina stund í vali.
5. Verði misbrestur á ástundun nemanda sem situr í nemendaráði skal viðkomandi vikið úr ráðinu og varamaður fenginn inn úr sama bekk.

Markmið nemendaráðs GRV eru þessi:

- Bæta félagslíf skólans
- Sjá um viðburði utan skólatíma fyrir nemendur GRV
- Halda diskótek fyrir nemendur í 1. – 7. bekk
- Halda böll fyrir nemendur í 8. – 10. bekk
- Styrkja ákveðna árganga í nemendaferðir á meginlandið.

Fulltrúar í nemendaráði 2020-2021

Skammtímaáætlun fyrir skólaárið 2020-2021

Á haustdögum 2019 var myndað matsteymi. Í matsteyminu verða þrír deildarstjórar, tveir kennarar, einn stuðningsfulltrúi, einn ritari, tveir nemendur og eitt foreldri. Teymið mun skipta með sér verkum, kjósa formann, fara yfir langtímaáætlunina og halda áfram að

Tími	Aðgerðir	Ábyrgð	Þátttakendur
Ágúst-september	Matsteymi boðað til fundar.	Deildarstjórar.	Deildarstjórar og meðlimir matsteymis.
September	Lesfimi MMS - brugðist við niðurstöðum.	Stjórnendur, umsjónarkennarar - kennsluráðgjafi.	Nemendur.
September	Starfsmannahandbók uppfærð.	Stjórnendur.	Kennarar og starfsfólk
September - desember	Samræmd próf í 4. og 7. bekk lögð fyrir. Umbótaráætlun ef þörf er á.	MMS. Stjórnendur.	Nemendur í 4. og 7. bekk.
Október	Nýir nemendur teknir inn í teymið.	Deildarstjórar.	Deildarstjórar og nemendur.
Október-febrúar	Skólapúls lagður fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra	Stjórnendur. Tengiliður og matsteymi innra mats.	Úrtak nemenda í 5. - 10. bekk, starfsfólks og foreldra
Október	Talnalykill lagður fyrir í 3., 6. og 8. bekk. Umbótaráætlun ef þörf.	Kennsluráðgjafi.	Nemendur í 3., 6. og 8. bekk.
Október	Starfsáætlun og skólanámskrá endurskoðuð/uppfærð.	Stjórnendur.	Starfsfólk og kennarar
Nóvember	Samræming námsmats.	Stjórnendur.	Kennarar
Desember	SVOT - greining eftir smiðjudaga 5.-7. bekkur.	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.	Úrtak nemenda í 5. -7. bekk.
Janúar	Starfsmannasamtöl hefjast.	Skólastjóri.	Starfsfólk.
Janúar	Lesfimi MMS - brugðist við niðurstöðum.	Stjórnendur, umsjónarkennarar - kennsluráðgjafi.	Nemendur.
Janúar	Samræming námsmats.	Stjórnendur.	Kennarar.
Febrúar	Ungt fólk.	Deildarstjóri unglingastigs.	Nemendur í 8., - 10. bekk.
Febrúar	Skólapúlsinn lagður fyrir. Niðurstöður teknar saman og kynntar starfsmönnum.	Stjórnendur. Tengiliður og matsteymi innra mats.	Úrtak nemenda 5. - 10. bekk.
Febrúar - mars	SVOT-greining eftir smiðjudaga í 8.-10. bekk.	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.	Úrtak nemenda úr 8.-10. bekk.
Mars - maí	Samræmd próf í 9. bekk lögð fyrir. Umbótaráætlun ef þörf.	MMS. Stjórnendur.	Nemendur í 9. bekk.

Apríl	Samræming námsmats.	Stjórnendur.	Kennarar.
Apríl - júní	Hugmyndavinna um símenntunarvinna fyrir næsta skólaár kynnt.	Stjórnendur, kennarar.	Stjórnendur.
Maí	Lesfimi MMS - brugðist við niðurstöðum og umbótaráætlun unnin fyrir næsta skólaár.	Stjórnendur, umsjónarkennarar - kennsluráðgjafi.	Nemendur.
Apríl - júní	Samantekt innra mats og úrvinnsla á niðurstöðum teknar saman í skýrslu..	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.
Maí - júní	Endurskoðun áætlunar um innra mat fyrir árið 2021 - 2022.	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.	Stjórnendur. Matsteymi innra mats.

ENDURMENNTUNARÁÆTLUN

Endurmenntunaráætlun Grunnskóla Vestmannaeyja 2020 – 2021

Hverjum skóla er skylt að gera árlega símenntunar/endurmenntunaráætlun. Endurmenntun starfsfólks þarf að beinast að því að auka hæfni starfsmanns, starfsánægju og vellíðan á vinnustaðnum. Auður skólans liggur ekki síst í menntun og reynslu starfsfólksins. Endurmenntun og símenntun er leið til að viðhalda og auka við þessi verðmæti.

Í skólanum starfar breiður hópur fólks sem hefur það að markmiði að mennta og leiðbeina nemendum. Endurmenntunaráætlun skólans þarf að innihalda tilboð sem annars vegar er ætlað öllum kennurum og hins vegar ætlað öllu starfsfólki. Endurmenntun fer ýmist fram á skólatíma eða utan hans. Endurmenntun getur falist í námskeiðum/fyrirlestrum, fræðslufundum á vegum skólans eða utan hans, ráðstefnum, framhaldsnámi og sjálfsnámi.

Skv. kjarasamningum kennara um starfsþróunaráætlun og símenntun er það jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Endurmenntun fyrir skólaárið 2020-2021

Fræðsla fyrir kennara:

- **Menntarannsókn** – Hermundur Sigmundsson.
- **Teymiskennsla 5. og 6. bekkur** – Ingvar Sigurgeirsson.

- **Teymiskennsla – skipulagning innan teymis- fræðsla á vegum skólaskrifstofu.** Þórhildur Helga Þorleifsdóttir kennsluráðgjafi hjá Kópavogsbæ.
- **Agi og bekkjarstjórnun - Fræðsla á vegum skólaskrifstofu.** – Guðrún Helga Sigurðardóttir kennari í Hofsstaðaskóla.
- **Tras námskeið – skráning á málþroska ungra barna.** – Yngri barna kennarar – endurmenntun.is
- **Klámvæðing, líkamsvitund og útlitsdýrkun** - Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir

Allt starfsfólk

- **Fræðsla frá Barnavernd -Fræðsla á vegum skólaskrifstofu.** Guðrún Jónsdóttir yfirfélagsráðgjafi.
- **Jákvæð samskipti á vinnustað** - Athuga fyrirlesara.

Öll örnámskeið eru opin öllu starfsfólki. Skráning fer fram í aðdraganda námskeiðs.

Örnámskeið:

- **Nýtt námsmat** – deildarstjórar, Birgit Ósk.
- **Allt sem viðkemur upplýsingatækni** – Guðbjörg Guðmannsdóttir verkefnastjóri í upplýsingatækni.
- **Orð af orði** – Ásdís Tómasdóttir deildarstjóri unglingastigs.
- **Uppeldi til ábyrgðar** -
- **Vinnustund** – upprifjun ósk frá skólaliðum og stuðningsfulltrúum.
- **Heilsueflandi grunnskóli** - fá fyrirlesara

Mikil áhersla er á að kennarar og starfsfólk beri ábyrgð á eigin endurmenntun og í því árferði sem nú er, að þeir sækja rafræn námskeið og fyrirlestra. Það er mikið í boði af rafrænni endurmenntun þegar ekki er stætt á að halda stór námskeið sökum Covid- 19.

Við höldum áfram að efla íslenskuna þ.e. lestur, lesskilning, og bókmenntir. Við ætlum að leggja áherslu á lesskilning í vetur en þurfum að halda áfram með lestrarkennslu og lestur, eitt af því sem er aldrei lokið.

Þörfin næsta vetur beinist að lestri, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og “grósku” hugarfari.

Tæknimálin verða enn mikilvæg og starfsþróun á því sviði aldrei mikilvægari en nú.

Endurskoðað í júní og september 2021

Um leikskólann

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin er staðsett í suðurenda Hamarsskóla, sem stendur við Foldahraun. Víkin samanstendur af þremur deildum, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti ásamt því að hafa fjórðu stofuna, Herjólfssdal til umráða. En í Herjólfssdal er aðstaða fyrir starfsfólk, leikrými fyrir börn og lítið herbergi fyrir sérkennslu sem er kallað Fjósaklettur. Skólastjóri Grunnskóla Vestmannaeyja er Anna Rós Hallgrímsdóttir og aðstoðarleikskólustjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir. Skólaárið 2020-2021 er tólfta starfsár leikskóladeildarinnar, en fimmta starfsár hennar undir Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Starfsáætlun þessi tekur gildi 1. september 2019 og er afhent Vestmannaeyjabæ.



Tölulegar upplýsingar – börn

Við upphaf skólaársins 2020 - 2021 eru 48 börn í leikskólanum. Þar af eru 26 strákar og 22 stelpur og eru það 302,6 dvalargildi. Þrjú börn eru með sjö tíma vistun, 22 börn með vistun á milli 7,25 og 8 tíma og 23 börn með vistun á milli 8,25 og 9 klukkutíma.

Sérkennsla

Ásta Björk Guðnadóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ í fjarveru Guðrúnar Benónýsdóttur og mun hún vera hjá okkur eftir hádegi á miðvikudögum og fyrir hádegi á föstudögum. Þá sinnir hún ráðgjöf og greiningu ásamt því að taka börn í þjálfun. Ásta Björk sinnir þjálfun hjá þeim börnum sem eru með stuðning einu sinni í viku ásamt því að skipuleggja og fylgjast með þeirri þjálfun sem stuðningsaðilar sinna (Setjai inn eins og þetta átti að vera í upphafi hausts)



Nina Anna Dau er sérkennari hjá Grunnskóla Vestmannaeyja og fáum við tólf kennslustundir á viku þar sem hún sinnir málörvun í litlum hópum. Hún sá einnig um framkvæmd Hljóm-2 prófsins í ár. Við upphaf skólaárs 2020 eru 20 börn í sérkennslu hjá Ninu sérkennara, þar af eru fjögur börn sem eru einnig í þjálfun hjá Ástu. En sífellt er verið að meta og skoða

hvort fleiri börn þurfi sérkennslu. Hljóm-2 prófið var tekið á þeim börnum sem höfðu aldur til í september og þá kom í ljós að talsvert var af börnum sem þurftu auka örvun. Þau börn eru nú í málörvun hjá Ninu ásamt öðrum. Eitt barn hefur pólsku sem móðurmál og tvö sem hafa rúmensku sem móðurmál.

Fimm börn eru með stuðning inni á deild, tvö börn eru með fjóra tíma, tvö börn með þrjá tíma og eitt barn með tvo tíma. Fjögur eru á bið eftir talmeinafræðingi og eitt hjá sálfræðingi.

Starfsmannamál

Komandi skólaár munu þrjár deildir vera starfræktar í Víkinni. Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur. Reiknað er með þremur starfsmönnum á deild og á tveimur þeirra sinnir þriðji starfsmaðurinn stuðningi. En á einni deildinni verða þrír starfsmenn ásamt starfsmanni sem fer með stuðning inni á deild. Fimm börn eru með stuðning. Eitt barn er inni á Heimakletti er með tveggja tíma stuðning, eitt barn inni á Miðkletti er með fjögurra tíma stuðning og þrjú börn inni á Ystakletti eru með stuðning, tvö með þrjá tíma og eitt með fjóra tíma.

Aðstoðarleikskólastjóri sér að mestu um skipulag og utanumhald starfseminnar í góðu samstarfi við skólastjóra Grunnskólans. Í Víkinni eru því 14 starfsmenn í 12,2 stöðugildum. Þá eru nokkrir starfsmenn innan skólans og tónlistarskólans sem sinna kennslu einn tíma á viku, annað hvort tímabundið eða yfir veturinn. Arna Björg Sigurbjörnsdóttir er með leikfimi fyrir börnin einu sinni í viku, Eyvindur Ingi Steinarsson sér um tónlistarkennslu einu sinni í viku og Súsanna Georgsdóttir sér um danskennslu einn tíma á viku eftir áramót. Aðrir starfsmenn sem koma ekki að starfinu á beinan hátt eru, Einsí Kaldi og hans starfsfólk sem sér um hádegismatinn okkar, skólaliðar sjá um að færa okkur morgunmat og nónkaffi, ásamt því að skammta mat niðri í matsal í hádeginu. Í lok hvers dags, kl. 16 tekur svo Frístundaverið við þeim þremur börnum sem eru með vistun til kl. 16.30 og klárar daginn með þeim börnum. Við lok hvers dags kemur svo starfsfólk frá Alþrif og sér um þrif á leikskóladeildinni.

Faglegar áherslur

Við leitumst við að rækta hæfileika barnsins sem koma til með að nýtast því sem best í nútímasamfélagi. Mikilvægt er því að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti.

Einnig er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi þar sem þeim líður vel og finna fyrir öryggi. Okkar aðalmarkmið er að frá okkur útskrifist kát og glöð börn, sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Jafnframt að börnin hafi þann félagsþroska og almenna færni sem þarf til að takast á við næsta skólastig.

Víkin leggur mikla áherslu á læsi og stærðfræði og vinnur að framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

Markmið og hlutverk framtíðarsýnar er að skólarnir í sveitarfélaginu verði meðal þeirra fremstu á landinu hvað varðar vellíðan nemenda, faglegt starf, kennslu og námsárangur.



Í íslenskunni er áhersla lögð á að vinna með *Lubbi finnur málbeinið* og læra börnin þar stafina, máhljóðin og málrækt í gegnum leik og starf. Við nýtum okkur kennsluaðferðina *Leikur að læra*, ásamt því að spila, syngja og kenna í gegnum frjálsan leik.

Í stærðfræðinni vinnum við eftir bókinni *Sprota*, greinum námsefnið í henni og er leikur og efniviður skipulagður til að örva þá þætti sem þar er verið að kenna. Þar leggjum við áherslu á mynstur, tölur, talningu, form og flokkun. Til þess notum við m.a. kennsluaðferðina *Leikur að læra* ásamt því að vinna markvisst með bæði *Numicon* kubba og einingakubba.

Í sköpun leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig í gegnum listirnar. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum frelsi til að vinna á eigin forsendum og eflum þannig sjálfstæði og sköpunargleði þeirra. Þar fer fram þjálfun á fínhyrningum, efling á hugmyndaauðgi og frumkvæði og að vinna hugsanir sínar í gegn um mismunandi efnivið. Þar fer einnig fram úrvinnsla á því sem þau hafa lært í þemavinnunni okkar, sem fer að miklu leyti fram inni á deildunum.

Við skiptum árinu niður í þemu og lita þau starfið okkar yfir árið. Þau þemu sem unnið verður með á skólaárinu 2020 – 2021 eru: eyjafuglar, gleði, öryggi og vinátta (einkunnaorð GRV), dagur íslenskrar tungu, fjölskyldan, jólin, eldgosíð, þorrinn, hafið, páskar og Tyrkjaránið.

Stig af stigi er kennsluefni fyrir 4 - 10 ára börn. Námssefninu er skipt upp í þrjá hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla. Á þessum árum reynir mikið á félagsfærni barna enda eru börnin sífellt að kynnast nýju fólki og umhverfi.



Leiðir til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna eru margar, s.s. hrós og hvatning og að stuðla að vináttu og tengslamyndun. Í *Stig af stigi* er markmiðið að efla félags- og tilfinningaþroska barna og að þau læri að sýna viðurkennda hegðun og koma tilfinningum sínum í orð.

Einu sinni í viku fáum við markvissa tónlistarkennslu en þá fáum við tónlistarkennara til okkar sem syngur og leikur með börnunum.

Útivera er öllum börnum mikilvæg. Á Íslandi er allra veðra von, en mikilvægt er að börn venjist íslenskri veðráttu strax. Við leggjum því áherslu á að reyna að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.



Víkin heyrir undir Grunnskóla Vestmannaeyja og vinnur náið með skólanum að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla til að gera upphaf grunnskólagöngu eins auðvelda og mögulegt er. Hluti af þessu samstarfi er að æfa sig að fara í íþróttahúsið, þar er farið í leikfímistíma undir leiðsögn íþróttakennara skólans. Þar fá börnin útrás og þjálfu grófhreyfingar ásamt því að læra að fara í búningsklefana og klæða sig í og úr fyrir og eftir tímann.

Við fáum einn tíma á viku í danskennslu eftir áramót. Þar

lærum við nokkra dansa og tökum þátt í danssýningu með hinum börnum skólans.

Þar að auki förum við í frístundaverið að leika og með því fá börnin að kynnast þeim hluta skólans og léttum í leiðinni álagið á deildunum.

Í maí er vorskólinn, en það eru tvisvar sinnum tvær klukkustundir þar sem börnin fara í skólann. Þau fara í stofuna sína og hitta tilvonandi kennara sinn. Þar vinna þau verkefni, fara í frímínútur og borða nesti.

Mat og umbætur

Í ár er annað árið í innleiðingu á innra mati leikskólans. Ætlunin er að byrja rólega og vinna að því að fastmóta það á næstu árum. Hér er skammtímaáætlunin um innra mat Víkurinnar þetta skólaárið. Við komum til með að hafa eftirfarandi þætti sem á að meta til hliðsjónar á deildastjóra-, deilda- og starfsmannafundum vetrarins og munum svo á fundum í maí meta hvað gekk vel og hvað má betur fara.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Stjórnun					
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	*Unnið að gerð skólanáms-skrár. *Meta innra starf eftir áæltunum skólans.	*Skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun skólans og tekur mið af sérstöðu hans. *Innra mat, allir stefna í sömu átt.	*Skráning, samræður og gátlistar.	*Skólanáms-skrá verði komin vel á veg vor/sumar 2021. *Fræðsla og símat frá hausti 20 til vors 21.	Skólastjóri, Aðstoðarleikskóla-stjóri, deildarstjórar, matsteymi.
Uppeldis og menntastarf					
Skipulag náms og námsaðstæður	Auka velferð og nám barnanna í skólanum með bættu námsumhverfi.	Innra mat, bæta námsumhverfi.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.
Uppeldi, menntun og starfshættir	*Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta. *Meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum. *Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns.	Innra mat, börnin njóti fjölbreyttra náms- og uppeldiskosta, komið sé fram við þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Námssvið leikskólans	Meta innra starf eftir áætlunum skólans.	*Námsumhverfi styðji við máltöku og málþroska barna. *Unnið sé að því að efla samskipti barna.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.
*Mat á námi og velferð barna	Tryggja að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber.	*Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna. *Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta.	Hljóm-2, TRAS, þroska-lýsingar, gátlistar, samræður.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.
<u>Leikskólabragur</u>					
Viðmót og menning	Að í Víkinni ríki jákvætt andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli allra aðila.	*Andrúmsloftið í skólanum sé afslappað og notalegt. *Jákvæður andi og gleði ríki. *kurteisi, virðing og umhyggja einkenni samskipti.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21	Deildarstjór, matsteymi.
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Í samstarfi við foreldra sé fylgst með alhliða þroska allra barna og leitað leiða til að efla hann. Lögð sé rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og reglulega sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra um uppeldi og nám barna þeirra.	*Áherslur í foreldrasamstarfi liggi fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra. *Foreldrum séu gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum. *Reglulega sé boðið upp á foreldrasamtöl.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21	Deildarstjórar, matsteymi.

Viðhorf foreldra	*Foreldrar séu ánægðir með leikskólastarfið og hafa trú á gæðum þess. * Foreldrar upplifi að skólinn komi til móts við þarfir og réttindi barna þeirra og að líðan barnanna og aðbúnaður sé góður. *Samvinna og upplýsingaflæði milli heimila og leikskóla sé góð.	*Foreldrar séu jákvæðir í ummælum sínum um skólann og frammistöðu hans. *Foreldrar telji að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. *Aðbúnaður barnanna sé góður að mati foreldra. *Foreldrar séu ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrar séu ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum.	Foreldra-könnun	Gagnaöflun lokið apríl. 21. Greiningu gagna lokið maí 21	Skólastjóri, aðstoðarleik-skólastjóri, matsteymi.
-------------------------	--	---	-----------------	---	---

Það mat sem við höfum verið með hingað til og munum halda áfram með í vetur er útfyllingalistar fyrir foreldraviðtöl, sem er samantekt úr ýmsum áttum á stöðu barnanna, þá lista erum við með yfir allt árið og skráum hjá okkur jafnóðum í hópastarfi. Þannig fylgjumst við með getu barnanna og sjáum hvar þau standa í hvert sinn.

Í september/október er Hljóm-2 lagt fyrir öll börn leikskóladeildarinnar. Hljóm-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

Niðurstöður þessara skimunarprófa eru svo nýttar til að skipuleggja nánar starf okkar þann veturinn. Hljóm-2 próf er svo tekið aftur á þeim börnum sem þurfa auka örvun í lok janúar og framhaldið metið að nýju.

Á þessu skólaári byrjum við að nota TRAS skráningu á málþroska ungra barna. En nú hafa kennarar frá öllum leikskólum Vestmannaeyja setið slík námskeið og er hugmyndin að



framkvæma slíka skráningu á öllum leikskólabörnum í Vestmannaeyjum og munum við í Víkinni svo taka við af Kirkjugerði og Sóla og klára framkvæmd þessarar skráningar. En TRAS (Tíðlig registrering af sprákuðvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega.

Samstarf við grenndarsamfélag

Eins og áður segir er Víkin leikskóladeild í góðu samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja. En við erum þó ekki einungis í samstarfi við skólann, við leggjum einnig áherslu á að vinna með öðrum úr okkar næsta nágrenni og má þar helst nefna Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum. En við förum einu sinni í mánuði og syngjum fyrir heimilisfólk. Einnig stefnum við að því að endurvekja heimsóknir í dægradvölinu með lítinn hóp barna í einu og föndra og spjalla við heimilisfólkið.



Við vinnum með Slökkviliði Vestmannaeyja og Lögreglunni í Vestmannaeyjum að fræðslu fyrir börnin. Fáum þá bæði í heimsókn til okkar og kíkjum í heimsókn til þeirra. Auk þess kíkjum við í vettvangsferðir víða um bæinn, Sæheimar, Sagnheimar og Eldheimar eru meðal þeirra safna sem við heimsækjum ár hvert. Að auki kíkjum við í heimsókn í önnur fyrirtæki hér í Eyjum og kynnum okkur starfsemi þeirra í óvissuferð okkar að vori.

Samstarf við foreldra

Við í Víkinni 5 ára deild leggjum mikla áherslu á að hafa gott samstarf við foreldra. Við upphaf árs, þegar börnin byrja hjá okkur höfum við einstaklingsviðtal, þar sem foreldrar og deildarstjóri fá tækifæri til að stilla saman strengi fyrir komandi ár. Einstaklingsviðtal er svo aftur í mars, en þá fáum við tækifæri til að endurmeta stöðuna og ræða framhaldið. Hópfundur með foreldrum er haldinn snemma að hausti þegar starfsemin er að komast í gang.



En þar kynnum við starf vetrarins og ræðum við foreldra. Að auki fundum við með foreldrum þegar við höfum áhyggjur af þroska eða hegðun barns.

Karellen er leikskólaapp sem notað er fyrir flest samskipti, þar setjum við inn myndir, fréttir og sendum foreldrum skilaboð ef þess þarf. Karellen fylgir heimasíða,

www.vikin.leikskolinn.is. Þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um starfsemi leikskólans

ásamt fréttum af starfinu okkar. Við erum einnig með facebook síðu fyrir hverja deild, þar sem settar eru inn tilkynningar til foreldra og sagt frá því sem við erum að gera á hverjum degi.

Einu sinni á önn erum við með foreldrakaffi, þar sem foreldrum er boðið í heimsókn til okkar í smá spjall og kaffi og fá þá í smá stund að taka þátt í leik og starfi með börnunum og fá að sjá nánar hvað börnin þeirra eru að gera í leikskólanum.

Víkin á fulltrúa í stjórn foreldrafélags Grunnskóla Vestmannaeyja, er það Halla Björk Hallgrímsdóttir. Enn hefur ekki tekist að skipa fulltrúa foreldra af hverri deild í foreldraráð skólans þetta skólaárið.

SKÓLANÁMSSKRÁ GRV

FAGLEGT STARF

Nauðsynlegt er að hver skóli marki sér stefnu varðandi helstu áherslur í starfi. Starfsfólk GRV vinnur samkvæmt hugmyndafræði:

- Uppeldi til ábyrgðar í uppeldismálum.
- Heilsueflandi grunnskóla
- Náttúraskóla
- Orð af orði er verkefni sem er nýtt í námi og kennslu – er útskýrt nánar í kaflanum um áherslur í námi.
- Leið til læsis í lestrarkennslu – er útskýrt nánar í kaflanum um áherslur í námi.
- Teymiskennsla á miðstigi, hófst veturinn 2019-2020.

UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

Einkunnarorð skólans: **Gleði – Öryggi - Vinátta**


Haustið 2010 hóf Grunnskóli Vestmannaeyja innleiðingu á uppbyggingarstefnunni, **Uppeldi til ábyrgðar**. Markmið skólans með verkefninu er að fá öllu starfsfólki skólans í hendur viðbótarverkfæri til að vinna með í samskiptum við börn og unglunga og sín á milli. Verkfærin eru þó ekki til að nota á aðra heldur á sjálfan sig fyrst og síðan með börnunum. Við viljum búa í umhyggjusömu samfélagi þar sem okkur gefst færi á að leiðrétta mistök. Það er mannlegt að skjátlást og það er í lagi að mistakast því við getum leiðrétt mistökin og lært af þeim. Mistök eru í raun og veru hluti af því að læra.

Hugmyndafræðin miðar að því að ýta undir ábyrgð og sjálfstjórn barna og unglunga og ýta undir að þau læri sjálfstjórn og þekkingu á eigin tilfinningum. Byggt er á því að einstaklingurinn læri að taka siðferðilega ábyrgð á eigin hegðun og taki ákvarðanir út frá löngun fremur en skömm eða sektarkennd. Ýmsir þættir eru notaðir til að hjálpa börnunum við að skoða sig og sína hegðun. Þau læra að skoða sig út frá spurningum eins og hver er ég, hvað vil ég vera og hvað þarf ég að gera til að ná takmarki mínu?

Í skólastarfinu er áhersla á skýrar reglur um það hvað er óásættanleg hegðun. Skýrar reglur eru mikilvægar til að einstaklingar megi upplifa öryggi og traust. Barninu eru sköpuð tækifæri til að læra af mistökum sínum og því hjálpað og kennt að finna leiðir til að bæta hegðun sína og þá um leið að byggja upp sjálfstraust sitt.

Geðlæknirinn William Glasser hefur þróað nálgun sem hann útskýrir með þarfahringnum. Glasser telur að orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar sé að finna í því að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á eðlilegan máta. Hann segir að við þurfum að uppfylla fimm meðfæddar þarfir okkar til að vera andlega heil og hamingjusöm. Grunnþarfirnar eru:

1. Ást og umhyggja
2. Áhrifavald og stjórn
3. Frelsi og sjálfstæði
4. Gleði og ánægja
5. Öryggi og lífsafkoma



Sköpuð eru skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og um leið vaxið og dafnað við hverja raun“.

Við leggjum áherslu á að börnin velti fyrir sér spurningunni: **Hvernig manneskja vil ÉG vera?** Fremur en að hugsa: Hvað fæ ég fyrir ef ég geri svona eða hinsegin?

Mikilvægt er að hver og einn finni til ábyrgðar á hegðun sinni og sjái tilgang í því að koma vel fram, hvort sem einhver sér til eða ekki. Stefnan byggir á innri umbun, einstaklingurinn finnur til innri gleði við að leggja sig fram.

Uppeldi á ekki að vera hlýðniþjálfun, öllu heldur er áhersla á að hafa sterka forystu, virkja aðra með umræðu, samstarfi og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Börnin læra að stjórna tilfinningum sínum. Ef eitthvað bregður út af eru málin rædd.

Einn liður í Uppeldi til ábyrgðar er að nemendur velji sér lífsgildi, sem eru ekki reglur heldur sameiginleg sannfæring okkar um það sem skiptir máli í skólanum. Í Uppeldi til ábyrgðar er lykilatriði að gildin sem valin eru komi frá nemendum sjálfum. Því var haldið nemendabing og var niðurstaða þess að mikilvægustu gildin af öllum væru GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA sem eru gildi skólans í dag.



HEILSUEFLANDI GRUNNSKÓLI

Í þó nokkur ár hefur Grunnskóli Vestmannaeyja unnið eftir mörgum gildum Heilsueflandi grunnskóla og hautið 2015 varð GRV formlega heilsueflandi grunnskóli. Verkefnið er á vegum Embættis landlæknis. Skólinn er kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar og heilbrigðra lífnaðarhátta meðal barna og ungmenna. Heilsueflandi grunnskólar setja sér heildræna stefnu í heilsu- og velferðarmálum sem snýr að nemendum og starfsfólki í samstarfi við heimili og nærsamfélag. Í nýrri Aðalnámskrá um grunnskóla er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum menntunnar og mun verkefnið Heilsueflandi grunnskóli auðvelda skólum að setja sér viðmið og markmið til að efla sig í þeim þætti. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu verkefnisins

http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli

NÁTTÚRUSKÓLI

Framtíðarsýn GRV er að skapa sér sérstöðu í náttúruvísindum þar sem eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi:

- Efla umhverfisvitund nemenda, gera þá meðvitaðri um umhverfi sitt og heimabyggð.
- Miðla fróðleik um náttúru Vestmannaeyja gegnum veraldarvefinn.
- Efla áhuga og námsgleði nemenda.
- Efla flæði milli skólastiga svo samfella skapist í námi.

Hugmyndin er að kenna náttúruvísindi á öllum skólastigum þar sem samfella milli skólastiga verði viðhöfð. Námið er heildstætt þar sem allar námsgreinar skarast og verklegum þætti gert hátt undir höfði.

Náttúrvernd og menntun gegna stóru hlutverki hvað varðar mannlífið. Hún skapar aukin tækifæri til að efla ábyrgðarkennd nemenda, umhyggju og virðingu fyrir náttúrunni með aukinni kennslu og fræðslu í náttúruvísindum.

Náttúruvísindi á Heimaey eru þáttur í vinnu skólans og liður í því eru Náttúruvísindadagar. Náttúruvísindadagar eru ekki tilgreindir sérstaklega á skóladagatalinu. Í 1. – 7. bekk festa náttúrufræðikennarar daga/vikur þar sem þeir verða með útikennslu og setja inn í kennsluáætlanir. Náttúruvísindadagar á unglingastigi eru tveir dagar í september í tengslum við dag íslenskrar náttúru sem er 16. sept.

Til að auka við frekari þekkingu nemenda á náttúrunni í Vestmannaeyjum var ákveðið að hver árgangur ynni með eina plöntu sem vex í Vestmannaeyjum, einn varpfugl og einn fisk sem veiðist við Eyjar. Þannig ættu nemendur að hafa öðlast góða þekkingu á tíu plöntum, tíu varpfuglum og tíu fiskum við lok grunnskólans.

Á vordögum 2012 kom skólinn sér upp skólalundi með eldstæði. Lundurinn er staðsettur í gamla hrauninu vestur á eyju. Efnt var til hugmyndasamkeppni um nafn á svæðið og var nafnið Klettaborg hlutskarpast. Þegar hafa nokkrir kennarar farið á námskeið í útiildun og eru byrjaðir að fara í Klettaborg með námshópa að vinna verkefni, elda eða fara í útileiki. Leikskólum bæjarins hefur einnig verið boðið að nýta sér Klettaborg.

Teknar voru í notkun svokallaðar ferilmöppur, náttúruskólabækur, sem nemendur fá afhentar í 1. bekk og vinna með alla sína grunnskólagöngu. Þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk fá þeir þessar möppur afhentar og eiga þá gott safn verkefna um náttúru Vestmannaeyja.

Allir bekkir fara í svokallaðar örnefnagöngur sem er ákveðin gönguleið sem hver árgangur á. Nemendur kynnast gönguleiðum í sinni heimabyggð, örnefnum og sögum. Talsvert samstarf er við Náttúrugripasafnið, Surtseyjarstofu, Byggðasafn Vestmannaeyja og Þekkingarsetur Vestmannaeyja og þá sérfræðinga sem þar starfa.

PRÓUNARVERKEFNI 2020-2021

Allir kennarar skólans taka þátt í faglegu starfi. Áhersla skólaársins 2020-2021 er áframhaldandi vinna og þróun við nýtt námsmat og upplýsingatækni og taka allir kennarar þátt í þróun á því sviði.

Spjaldtölvuvæðing og upplýsingatækni í kennslu: Áfram verður unnið með innleiðingu á google umhverfinu og áhersla lögð á að kennarar efli sig í upplýsingatækni. Örnámskeið verða í boði fyrir kennara jafnt og þétt yfir skólaárið. Í hópnum sitja: Guðbjörg Guðmannsdóttir verkefnastjóri í upplýsingatækni, Sverrir Marinósson og Birgit Ósk Bjartmarz upplýsingatæknikennarar.

Námsmat: Allir kennarar skólans taka áfram þátt í þróun á nýju námsmati. Áhersla á að vinna með hæfniviðmið og skipuleggja kennslu út frá þeim. Birgit Ósk Bjartmarz kom inn í þá vinnu á síðasta skólaári og mun halda því áfram að hluta skólaárið 2020-2021.

Lausnarteymi: Lausnarteymi var stofnað veturinn 2019-2020 og stefnt á áframhaldandi þróun á því teymi. Lausnarteyminu er ætlað að koma að erfiðum málum s.s. nemendavanda, samskiptavanda milli foreldra og kennara og jafnvel samskiptarerfiðleikum á milli starfsfólks skólans.

Teymiskennsla á miðstigi: Skólaárið 2019-2020 var farið af stað með teymiskennslu á miðstigi. 4 kennarar eru með umsjón yfir tveimur bekkjum og sjá um alla kennslu og undirbúning. Innleiðing heldur áfram þetta skólaár og núverandi 5. bekkur fer af stað í teymiskennslu og stefnt er að því að á næsta skólaári verði teymiskennsla í 5. 6. og 7. bekk. Kennarar í þessum árgöngum eru í þróunarvinnu í teymiskennslu.

Til stendur að skólinn fari í stórt þróunarverkefni og taki þátt í stórrí menntarannsókn, varðandi breytta kennsluhætti og nýjar áherslur í uppbyggingu skóladags. Áherslan verður á lestur, grunnfærni í stærðfræði og náttúrufræði ásamt aukinni hreyfingu.

Stofnuð verða þróunarteymi í kringum þetta verkefni á vorönn 2021.

NÁM OG KENNSLA

Í hverri námsgrein og hverjum árgangi eru gerðar námsáætlanir þar sem farið er yfir skipulag námsins. Þar eru tilgreind markmið/hæfniviðmið, námsefni sem stuðst er við og almenn tilhögun námsins. Þessar áætlanir má finna á heimasíðu skólans.

<http://grv.is/is/page/namsaaetlanir>

Í mentor útbúa kennarar námslotur þar sem öll markmið og verkefni eru á einum stað. Nemendur og foreldrar geta skoðað námsloturnar á mentor. Einnig fylla kennarar jafnt og þétt inn á hæfnikort nemenda og þannig geta nemendur og foreldrar fylgst vel með námsframvindu sinni allan veturinn.

Allar námsskrár, námslotur og verkefni má finna á mentor.

GRUNNPÆTTIR MENNTUNNAR

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* hafa verið skilgreindir sex grunnpættir í menntun. Þessir grunnpættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þættirnir snúast um læsi á samfélag, umhverfi og náttúru, einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og

þróa. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun, stuðla að samfelli í skólakerfinu og ná til starfshátta, inntaks og námsumhverfis á öllum skólastigum. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans. Þar sem grunnskólastigið er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja er það mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda þessara þátta og til að búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Á heimasíðu skólans má sjá hvernig GRV vinnur eftir grunnþáttum menntunnar.

<http://grv.is/skrar/file/namid/hvernig-utfaerir-grv-grunnthaettina.pdf>

Í aðalnámskránni eru lykilhugtökin þekking, leikni og hæfni. Námi í grunnskóla þarf að taka til allra þessara þátta þar sem tekið er mið af aldri og þroska nemenda.

ÁHERSLA Í NÁMI

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á að koma sem best til móts við námshæfileika og getu hvers nemanda. Því hefur einstaklingsmiðað námi, námi sem tekur mið af stöðu hvers nemanda, fengið aukið vægi í skólasterfinu. Kennarar stuðla að og búa nemendum sínum örvandi námsumhverfi þar sem hver og einn getur nálgast námið þannig að best henti honum. Þannig höfum við að leiðarljósi að verkefnið séu skapandi, heilstæð, merkingarbær og örvandi. Í einstaklingsmiðuðu námi er fjölbreytni í kennsluaðferðum, námsframboði, nálgun og mati á nemendum grundvallaratriði. Stefnt skal að því að kraftmikið námsmál samfélag sé í hverri kennslustofu.

Þann 25. ágúst 2015 undirrituðu stjórnendur leik- og grunnskóla, bæjarstjóri og formaður fræðsluráðs sameiginlega framtíðarsýn í menntamálum sem felur í sér að leggja beri áherslu á að efla læsi og stærðfræði í skólasterfi Vestmannaeyjabæjar. Áhersla er m.a. lögð á að styrkja og efla samstarf starfsmanna skólanna og forráðamanna því þar býr aflið sem getur skapað nemendum öruggt og styðjandi umhverfi til náms og stuðlað að árangri þeirra og vellíðan. Unnið er að endurskoðun framtíðarstefnunnar og breiður samstarfshópur var að störfum við það á síðasta ári. Áætlað er að ný framtíðarsýn verði tilbúin á núverandi skólaári.



Orð af orði

Ein af þeim námsleiðum sem við höfum valið til að styðja við og auðga nám nemenda er Orð af orði. Sú aðferð tekur tillit til og styður við þætti aðalnámskrár. Markmið verkefnisins er að viðhalda áunninni þekkingu og árangri en jafnframt leggja rækt við að styrkja þann árangur og festa aðferðirnar í sessi sem hluta af kennslu ólíkra námsgreina. Orð af orði er hægt að nota í hvaða námsgrein sem er. Allir nemendur skólans fá að leggja stund á yndislestur í upphafi hvers skóladags. Reiknað er með um 15 mínútum á dag. Lestur skiptir miklu máli, eykur orðaforða, skilning og þekkingu og þar með námsárangur til lengri tíma. Einnig er lestur bókmennta mikilvægur liður í mótun sjálfsmyndar barna. Námi, þar sem áhugi lesandans og þarfir ganga fyrir er líklegt til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms. Aðferðir Orð af orði hjálpa nemendum að auka skilning á viðfangsefnum og styðja við tileinkun nýrra

hugtaka, rifja upp þekkingu, styrkja sjálfsmat, þjálfar glósutækni, auka orðaforða og hugtakaskilning.

Leið til læsis

Leið til læsis er stuðningskerfi fyrir nemendur í 1. – 4. bekk er byggt á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri nokkrum sinnum á ári. Út frá því má sjá árangur og framfarir milli kennslutímabíla og hvort þörf er á að endurskoða markmið og leiðir. Þetta er gert til að laga kennsluna enn betur að þörfum hvers nemanda til að sem bestur árangur náist. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem vinnur að því að koma í veg fyrir að nemendur lendi í lestrarvanda. Kennsluskipulagið er stígskipt þannig að öll börn fá kennslu við sitt hæfi.

ÍÞRÓTTIR OG SUND

Íþrótt- og sundkennsla fer fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Allir nemendur í 1. – 8. bekk fá tvo íþróttatíma og einn sundtíma á viku. Í 9. og 10. bekk eru íþróttir kenndar í lotum, tvisvar sinnum klukkutími á viku, ein sundlota á skólaári.

Nemandi sem ekki getur sótt íþrótt- eða sundtíma í tvær vikur eða meira skilar vottorði til ritara skólans.

Nemandi sem ekki getur sótt íþrótt- eða sundtíma eftir veikindi fer á bókasafn skólans. Æskilegt er að nemandinn nýti þann tíma vel, til dæmis til heimanáms.

Ef nemandi er slasaður geta foreldrar/forráðamenn haft samband við íþróttakennara og e.t.v. er gott að nemandinn mæti í íþróttatíma og geri þær æfingar sem hann getur og kennari ráðleggi honum með æfingar.

Íþróttakademía Grunnskóla Vestmannaeyja og ÍBV-íþróttafélags

Hefur verið starfrækt í 9. og 10. bekk frá ársbyrjun 2012. Þar er boðið upp á tækni- og styrktaræfingar í knattspyrnu, handknattleik og fimleikum. Nemendur í akademíu sækja tvo styrktaræfingartíma á viku, í stað hefðbundinna íþróttatíma, undir handleiðslu þjálfara ÍBV og einn hefðbundinn íþróttatíma. Í hefðbundna íþróttatímanum munu nemendur stunda nám í sundi eins og þurfa þykir. Tækniæfingar eru í nokkrum lotum yfir veturinn en þá vinna þjálfarar ÍBV með nemendum í íþróttatímum stundatöflunnar. Lögð verður áhersla á bóklegt nám fyrir nemendur akademíu og eru þeir tímar að jafnaði tvisvar í mánuði. Íþróttakennari GRV og þjálfarar ÍBV vinna allt skipulag saman og sjá um æfingar og bóklega hluta akademíunnar. Markmiðið með stofnun akademíunnar er að auka tæknilega færni nemenda í sinni íþróttagrein og bæta líkamlegt ástand þeirra til að standa betur undir þeim kröfum sem íþróttir gera til iðkenda. Einnig er þetta tækifæri til að auka samstarf milli skóla og íþróttafélags.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámsskrár grunnskóla er grundvöllur kennslutímafjölda í skólastarfi í grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá segir til um hvernig tími nemenda í skóla skiptist eftir námsgreinum og aldri nemenda.

1. - 4. bekkur vinnur eftir viðmiðunarstundaskrá Aðalnámsskrár.

Námsgreinar – Námsgvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. – 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. – 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. – 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. – 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknið	1.100	680	650	2.430	18,08%
Erlend tungumál, enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	860	840	380	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	440	340	300	1.080	8,04%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðsfræði, lífsleikni, jafnréttismál, söfrafæði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	820	600	600	2.020	15,03%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	320	160	870	1.350	10,04%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100,00%

Hér má sjá skiptingu kennslustunda í 5. -7. bekk og 8. -10. bekk

	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur		8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Íslenska	6	6	6	Íslenska	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	Stærðfræði	6	6	6
Samfélagsfræði	3	4	3	Samfélagsfræði	4	4	4
Náttúrufræði	5	3	3	Náttúrufræði	3	3	3
Bekkjarfundur	1	1	1	Bekkjarfundur	1	1	1
Enska	3	3	3	Enska	4	4	4
List- og verk/upp	7	8	8	Danska	3	4	4
Íþróttir	3	3	3	Íþróttir	3	3	3
Danska		1	2	Val	6	6	6

LIST – OG VERKGREINAR

List- og verkgreinar skipa stóran sess í námi og kennslu í skólanum. Taflan hér að neðan sýnir í hvaða árgöngum hver list- og verkgrein er kennd.

	1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b	8.b	9.b	10.b
Dans										
Tónmennt										
Upplýsingatækni										
Textílmennt										
Myndmennt										
Smiði										
Heimilisfræði										
Fablab										
Safnkennsla										
Skák										
Kennt										
Ekki kennt										
Kennt í vali										

Hver árgangur setur upp margs konar sýningar á hverju skólaári tengdar námsefninu hverju sinni. Sem dæmi má nefna sýningar á verkefnum nemenda á starfsfræðsludögum í 8. og 9. bekk og lokaverkefni í 10. bekk. Einnig má nefna atriði sem nemendur setja saman í tengslum við jólasýningar, árshátíðir og sýningar sem settar hafa verið upp í tengslum við vinnu með hina ýmsu söguramma og þemadaga á vorönn.

Samsöngur á sal er einu sinni í mánuði hjá nemendum í 1. – 4. bekk og Víkinni 5. ára deild.

VALGREINAR

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8., 9. og 10. bekk. Nemendur velja sjálfir námsgreinar fyrir sex kennslustundir á viku. Með því að bjóða upp á val er stefnt að því að laga námið að áhuga og þörfum nemenda. Nauðsynlegt er að hafa 80% mætingu í valgrein til að teljast hafa lokið greininni.

Framboð námsgreina í vali er mismunandi á milli ára. Boðið er upp á bók-, og verklegar greinar. Námið í Tónlistarskóla Vestmannaeyja, íþróttaiðkun, leiklist á vegum Leikfélags Vestmannaeyja, skátastarf á vegum Skátafélagsins Faxe, æskulýðsstarf á vegum Landakirkju og þátttaka í starfsemi Björgunarfélags Vestmannaeyja er t.d. metið sem valgreinar.

Valbók er birt á heimasíðu skólans að vori og gildir hún þá fyrir næsta skólaár. Hana má finna á heimasíðu skólans. <https://grv.is/skrar/file/eydublod/valbok-20-21.pdf>

Þar má finna upplýsingar um alla valáfanga sem eru í boði ár hvert.

Nemendur í 7. – 9. bekk velja rafrænt að vori fyrir næsta skólaár.

Mat á hæfni og framförum nemenda er veigamikill þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Með námsmati er ætlunin að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Það á einnig að vera hvetjandi og örva nemendur til framfara sem og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Undanfarin ár hefur Grunnskóli Vestmannaeyja verið að aðlaga sig að nýrri aðalnámsskrá. Markmiðið er að laga matið að kröfum *aðalnámsskrá grunnskóla* þar sem verkefni og próf eru skilgreind út frá hæfni- og matsviðmiðum.

Í upphafi var farið yfir alla grunnþætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir eiga að vera leiðarljós í allri almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Afrakstur þeirrar vinnu má finna á heimasíðu skólans <http://grv.is/skrar/file/namid/hvernig-utfaerir-grv-grunnthaettina.pdf>.

Haustið 2016 fór mikil vinna í að aðlaga hæfniviðmið að hverjum árgangi fyrir sig og útbúa nýjar námsáætlanir eftir viðmiðum aðalnámsskrár. Þessi vinna hélt áfram haustið 2017. Árin 2018-2020 hafa kennarar og stjórnendur áfram unnið að bættu námsmati en þess bera að geta að slík vinna er ávallt lifandi og getur tekið breytingum frá ári til árs.

Í nýju námsmati er megináhersla lögð á hæfni nemenda og er hæfnieinkunnin mat skólans/kennarans á hæfni nemandans við lok hvers árgangs. Hæfnieinkunn er þess vegna ekki hægt að reikna út sem meðaltal út úr verkefnum sem nemandinn hefur unnið um veturinn. Hugmyndin er ekki að t.d. að telja stig, að normaldreifa, að reikna hlutfall o.s.fr.v. Heldur að einblína á þá hæfni sem nemendinn hefur náð.

Námsgreinar og námsefni eru hjálpartæki til að ná hæfniviðmiðum.

Horft er á unglingadeildina sem eina heild. Í 8. bekk er byrjað strax að stefna á matsviðmiðin sem nemandi á að hafa lokið í 10. bekk. Áhersla er á að vinna námsmatið jafnt og þétt yfir allan veturinn, í öllum árgöngum.

Námsmat í GRV

Námsmat nemenda í 1. - 4. bekk er þannig að í öllum greinum eru hæfniviðmið skilgreind í Mentor en engar sérstakar einkunnir gefnar fyrir hverja grein. Nemendur munu fá vitnisburð um hvort **hæfni sé náð**, hvort þeir séu á **góðri leið**, hvort þeir **þarfnist þjálfunar** í greininni eða **hæfni sé ekki náð**. Einnig er hægt að gefa nemendum **framúrskarandi**.

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Námsmat nemenda í í 5. -7. bekk er þannig að í öllum greinum eru hæfniviðmið skilgreind í Mentor og námsmat gefið í bókstöfum.

Námsmat í 8. -10. bekk verður í bókstöfum, eftir matsviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 8. -10. bekk.

Gefnar verða einkunnir **A, B+, B, C+, C, D** en í einstaka valgreinum verður gefið **lokið/ólokið**.

Hér má sjá útskýringar á matskvörðum.

Leiðsagnarmat	Útskýring	Lokamat	Útskýring
 Hæfni náð	Mjög góð/góð hæfni og frammistaða í námi með hlíðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar.	 A  B+  B	A: Nemandinn hefur náð frammúrskarandi tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar. B+: Nemandinn hefur náð mjög góðum tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar, auk þess sem hann hefur sýnt fram á frammúrskarandi hæfni á einhverjum sviðum. B: Nemandinn hefur náð tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.
 Þarfnast þjálfunar	Góð/nokkuð góð hæfni og frammistaða í námi með hlíðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar. Vantar herslumuninn á að hæfni sé náð. Nemandi gæti þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.	 C+  C	C+: Nemandinn hefur náð tökum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð. C: Nemandinn hefur náð tökum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
 Hæfni ekki náð	Sæmleg hæfni og frammistaða í námi með hlíðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar. Nemandi þarfnast frekari leiðsagnar eða stuðnings í ákveðnum fæmipáttum.	 D	D: Nemandinn hefur ekki náð tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.

Námsmat	Útskýring
 Framúrskarandi	Nemandinn hefur náð frammúrskarandi tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.
 Hæfni náð	Nemandinn hefur náð tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.
 Á góðri leið	Nemandinn hefur náð tökum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
 Þarfnast þjálfunar	Nemandinn hefur náð tökum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
 Hæfni ekki náð	Nemandinn hefur ekki náð tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar og þarf því frekari leiðsögn og þjálfun í ákveðnum fæmipáttum með með hlíðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar.

Á Mentor er hægt að nálgast nánari upplýsingar um hvað liggur að baki námsmatinu. Þar er bæði hægt að sjá einkunnir fyrir þau **verkefni** sem nemandinn hefur unnið og skoða **hæfnikort** nemandans. Hæfnikortið sýnir hvaða hæfni nemandi þarf að ná til að fá ákveðna lokaeinkunn.

Á heimasíðu skólans má finna nánari upplýsingar um nýtt námsmat, glærur frá foreldrafundum sem haldnir hafa verið fyrir 9. og 10. bekk ofl. <http://grv.is/is/page/nytt-namsmat>

Sjúkrapróf, verkefni og verkefnaskil

Nauðsynlegt er að kennarar séu samstíga varðandi verkefnaskil og töku sjúkraprófa. Gott er að vita nákvæmlega til hvers er ætlast og hvaða viðmið eru í gangi. Á unglingastigi gildir að ef nemandi getur ekki tekið próf vegna veikinda mun kennari leggja það fyrir hann eins fljótt og auðið er. Sú staða gæti komið upp að nemandinn taki prófið á bókasafni eða hjá stjórnendum.

Velji kennari að láta nemanda taka próf í næsta tíma hjá sér lætur hann nemandann og forráðamann vita.

Skráður skiladagur verkefna og ritgerða er lokaskiladagur.

Vitanlega koma af og til upp aðstæður hjá nemanda/í fjölskyldum sem verða til þess að fyrir séð er að nemandinn nái ekki að skila á réttum tíma. Þá hafa foreldrar/forráðamenn samband við kennarann og semja um annan skiladag. Að öðrum kosti er ekki tekið við verkefninu/ritgerðinni.

SAMRÆMD PRÓF

Á haustönn þreyta nemendur 4. og 7. bekkja samræmd próf í íslensku og stærðfræði og í mars þreyta nemendur í 9. bekk próf í íslensku, stærðfræði og ensku á þremur próf dögum. Samræmd próf voru í fyrsta sinn tekin rafrænt skólaárið 2016-2017.

Tilgangur prófanna er tvíþættur, annars vegar að gefa skólanum upplýsingar um stöðu nemenda í þessum greinum á landsvísu. Hins vegar að vera skólanum til leiðsagnar um hvaða þættir það eru í kennslunni sem betur mega fara. Í skólanum vinna umsjónarkennarar og sérkennarar með niðurstöður prófanna. Einnig er rætt um niðurstöður þeirra á einstaklingsfundum með foreldrum og nemendum.


Dagsetningar samræmdra prófa koma fram á skóladagatali.

GREININGAR OG SKIMUNARPRÓF

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á símat á frammistöðu og vinnu nemenda. Á yngstu stigunum er aðaláhersla á lestur, stærðfræði, skrift og vinnusemi. Eftir því sem nemendur eldast er aukin áhersla á sjálfstæði þeirra og samvinnuhæfni. Ætíð er gert ráð fyrir að nemendur leggi sig alla fram við verkefnið og skili þeim eins vel og þeir hafa getu til.

Lestrar- og stærðfræðiskimanir eru lagðar fyrir hópa nemenda til að greina stöðu þeirra og auka möguleika á að námið sé sniðið að þörfum hvers og eins. Þessar skimanir greina styrk og veikleika í íslensku og stærðfræði og eiga að gefa glögga mynd af stöðu nemenda í greinunum.

Lesferill menntamálastofnunar er til hliðsjónar í allri skimunarvinnu í GRV.



Skimanir í GRV:

Vikin 5. ára deild		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
HLIÓM-2	Sérkennari	5 ára (sept-des)
1.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesskimun fyrir 1. bekk (hljóðkerfisvitund, bókstafir/hljóð,málakilningur)	Umsjónarkennarar/sérkennarar	okt
Lesfimiþróf mms	Umsjónarkennarar	jan/maí
Hliðarþróf mms. orðleysur, sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan.
Stafakannanir eftir þörfum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	
Stærðfræðiskimun	Umsjónarkennarar/deildarstjóri ?	jan
2.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
3.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Orðarún	Umsjónarkennarar	jan./maí
Talnalykill	Kennsluráðgjafi	des./mars
4.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Samræmt könnunarþróf í ísl. og stæ.	Skólastjórn./umsjónarkennarar	sept.
Orðarún	Umsjónarkennarar	jan/maí
Leskilningsþróf	Umsjónarkennarar	fjórum sinnum á vetri
5.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept./jan./maí
Orðarún	Umsjónarkennarar	jan/maí
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar	maí
Leskilningsþróf	Umsjónarkennarar	fjórum sinnum á vetri
Stærðfræðiskimun	Umsjónarkennarar/stærðfræðikennarar	okt.

6.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept/jan/maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept/jan/maí
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar	jan/maí
Orðarún	Umsjónarkennarar	jan/maí
Leskilningsþróf	Umsjónarkennarar	fjórum sinnum á vetri
Talnalykill	Kennsluráðgjafi	sept/feb
7.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept/jan/maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Umsjónarkennarar/sérkennarar	sept/jan/maí
Samræmt könnunarþróf í ísl og stæ	Skólastjórn./umsjónarkennarar	sept
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar	jan/maí
Orðarún	Umsjónarkennarar	jan/maí
Lesskilningsþróf	Umsjónarkennarar	fjórum sinnum á vetri
8.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	jan/maí
Orðarún	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	jan/maí
Lesskilningsþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	fjórum sinnum á vetri
Stærðfræðiskimun	Umsjónarkennarar/stærðfræðikennarar	Haustönn
9.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Samræmt könnunarþróf	Skólastj./umsjónarkennarar	mars
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	jan/maí
Lesskilningsþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	tvisvar sinnum á vetri
10.bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesfimiþróf mms.	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Hliðarþróf lögð fyrir nem. undir viðmiðum	Kennsluráðgjafi	sept/jan/maí
Lesskilningsþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	tvisvar sinnum á vetri
Framsagnarþróf	Umsjónarkennarar/islenskukennarar	jan/maí

NÁMIÐ

Þátttaka foreldra í skólastarfi hefur hvetjandi áhrif á börn og eykur líkur á góðum námsárangri. Á hverju hausti setja kennarar saman námsáætlanir þar sem fram koma áherslur í námi, markmið, námsþættir, námsefni, hugtök sem unnið verður með og námsmat.

Mikilvægt er að foreldrar styðji við bak barna sinna og skólans m.a. á eftirfarandi hátt:

Sjái til þess að börnin mæti vel úthvöld og á réttum tíma í skólann.

Sýni áhuga á námi barna sinna í verki með því að skoða verkefni þeirra reglulega og fylgjast með því að þau skili heimavinnu á réttum tíma.

Hlusti á heimalestur og kvitti fyrir eftir fyrirmælum kennara.

Taki þátt í foreldrasamstarfi.

Aðstoði börn sín við að skipuleggja tíma sinn til náms- og tómstundaiðkana.

Fylgist vel með námsframvindu barna sinna.

Ef foreldrar verða varir við að börnin fylgjast ekki nógu vel með eða skilja ekki heimaverkefnin sín þarf að hafa samband við viðkomandi kennara.

Sama gildir ef óeðlilega lítið eða mikið er að læra í ákveðinni námsgrein.

Vert er að hafa í huga að ef börn eru illa stödd í einhverri námsgrein getur áhugi og aðstoð foreldra haft mikil áhrif í þá átt að bæta stöðuna.

HEIMANÁM

Frá upphafi skólagöngu fá nemendur heimanám sem birtist á Mentor, í tölvupósti eða í dreifibréfi frá kennara.

Lestur skipar stóran sess í námi og kennslu í skólanum þar sem hann er grunnur að öllu námi. Foreldrum er bent á að nýta öll tækifæri sem gefast til að glæða áhuga á lestri. Nýta t.d. umhverfið, skilti, fyrirsagnir, blaðagreinar og internetið. Nauðsynlegt er að allir nemendur lesi daglega heima og kennarar leitast við að láta nemendur lesa hvenær sem kostur gefst.

Frá og með 5. bekk læra nemendur sjálfir að bera aukna ábyrgð á heimanámi sínu með aðstoð foreldra og kennara.

Ef misbrestur er á heimanámi hefur kennari samband við foreldra.

Námsráðgjafi, Eva Rut Gunnlaugsdóttir er starfandi við skólann og geta foreldrar ávallt haft samband við hana hafi þeir einhverjar spurningar, evurut@grv.is eða 488 2300.

Heimanám er hóflegt og reynt er að sníða það að þörfum hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi lesturs.

Í 1. -7. bekk eiga nemendur að lesa heima 5 daga vikunnar í 15-20 mínútur og foreldrar kvitta í lestarhest.

Í 8. -10. bekk eiga nemendur að lesa heima daglega í 15 -20 mínútur og skrá í lestrarhest. Nemendur sem hafa náð 2. stigi í Lesferli (skimunarprófi) þurfa ekki að hafa lestrarhest.

SAMSTARF - FUNDIR

Foreldrar barna í 1. bekk eru boðaðir á kynningarfund vorið áður en skólaganga hefst. Fyrsta skóladaginn er einstaklingsfundur, þar gefst þeim kostur á að koma ýmsum upplýsingum á framfæri við umsjónarkennara.

Eftir skólaáttíðingur er stuttur hópforeldrafundur þar sem farið er yfir helstu þætti sem hafa þarf í huga í byrjun skólaárs.

Einstaklingsfundir eru í október og febrúar. Kennarar boða alla nemendur í 1.-10. bekk og foreldra þeirra til sín á fund. Engin kennsla er þessa daga.

Fundur í október/nóvember: Fyrir fundinn hafa nemendur sett sér markmið fyrir önnina með foreldrum sínum. Á fundinum eru markmiðin notuð sem umræðugrundvöllur auk þess er farið yfir aðra mikilvæga þætti er varða námið.

Fundur í janúar/febrúar: Farið er yfir námsframvindu og líðan nemenda með foreldrum og nemendum

Tölvupóstur á að vera virkt samskiptatæki milli heimilis og skóla. Kennarar eru í tölvusambandi við foreldra/forráðamenn allt skólaárið.

Mentor er mjög öflug samskipta- og upplýsingaleið sem allir hafa aðgang að. Kerfið er á netinu og heldur utan um nemenda- og starfsmannaskráningu skólans. Kennarar skrá ástundun nemenda sinna og inn á mentor má finna námsáætlnir og hæfni – og matsviðmið fyrir hverja grein sem og aðrar tilkynningar. Aðgangs- og lykilorð má nálgast á skrifstofu skólans.

Víkin er starfrækt í skólahúsnæði Hamarsskóla og varð hluti af GRV haustið 2016, en þar eru öll 5 ára börn í Vestmannaeyjum á leikskóla. Gott samstarf er á milli starfsfólks og nemenda á 5 ára deild og í 1. bekk.

Bekkjarskemmtanir eru haldnar í öllum árgöngum og oftast eru þær skipulagðar í samstarfi kennara og foreldra.

Skólinn er opinn foreldrum. Þeir ávallt velkomnir í heimsókn í samráði við kennara. Á skólatíma eru kennarar oft með ýmskonar verkefni í gangi þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir.

Skólasetning og skólaslit eru samkomur í upphafi og við lok hvers skólaárs. Gaman er að sjá sem flesta foreldra við þessi hátíðlegu tækifæri.

Heimasíða skólans www.grv.is er aðgengileg öllum og þar eru upplýsingar um daglegt skólalíf auk verkefna og mynda frá atburðum innan skólans. Umsjónarmaður síðunnar er Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri GRV.

GRV er einnig með virka facebook síðu þar sem svipmyndir úr skólalífinu og upplýsingar um viðburði í skólanum eru birtar reglulega.

Boðskortum í afmæli eða sambærilegu efni er óheimilt að dreifa innan skólans. Undantekningu má gera þegar öllum nemendum (eða öllum drengjum/stúlkum) í bekknum er boðið. Í þeim tilvikum má dreifa kortum innan bekkjarins (í bekkjarstofu) með vitund og samþykki kennara.

NEMENDUR

Stór þáttur í jákvæðum skólabrag er að námsumhverfi nemenda sé gott og skólinn notalegur staður til að vera á. Því er mikilvægt að nemendur gangi vel um húsnæðið sjálft, húsbúnað og gögn. Nemendur geta lagt sitt af mörkum til að skapa góðan skólabrag með því að vera tillitssamir, jákvæðir, vinnusamir og snyrtilegir í allri umgengni.

Lögð er áhersla á að nemendur temji sér náms- og sjálfsaga, komi vel undirbúnir í kennslustund, sýni umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Grundvallarréttindi nemenda eru að hafa vinnufrið í skólanum. Einnig ættu nemendur að leggja áherslu á sjálfsvirðingu, efla sjálfsmynd sína, borgaravitund og virðingu fyrir öðrum. Starfsfólk skólans telur mikilvægt að nemendur hafi jákvæða sjálfsmynd. Áhersla er lögð á að nemendum sé sýnd virðing og leitast er við að draga fram það jákvæða í fari hvers og eins.

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er unnið eftir uppbyggingarstefnunni, Uppeldi til ábyrgðar. Unnið er að því að nemendur þjálfist í að skoða hvernig þeir geti uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þjálfist í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt. Tekið er mið af því að allir nemendur þurfi að finna fyrir öryggi, umhyggju, frelsi, gleði, að þeir ráði við verkefnin og að vinnubrögð séu lýðræðisleg. Þessar grunnþarfir eru hafðar í fyrirrúmi í skipulagi skólastarfsins.

SKIPAN Í BEKKI

Síðastliðin tvö ár hefur skipting deilda á Víkinni ákvarðað skiptingu í bekki í 1. bekk í GRV. Það gafst vel og verður því sami háttur hafður á aftur. Kennarar vinna saman með bekkina sína og skipa nemendum í ólíka námshópa eftir, viðfangsefnum, áhuga og/eða námsgetu.

Skólinn leggur upp með að nemendum sé skipt í nýja bekki þegar komið er á nýtt stig. Nemendum í 5. bekk verður skipt í nýja bekki í tengslum við teymiskennslu á miðstigi og svo sé nemendum aftur skipt í nýja bekki þegar farið er á unglingastig, í 8. bekk.

Við gerð stundaskrár eru hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi og tímalengd kennslustunda miðuð að því. Lögð er áhersla á samfellu í stundaskránni, þannig að nemendur geti að öllu jöfnu hafið nám kl 8:20 að morgni og lokið því í einni lotu. Valtímar á unglingastigi geta þó verið undantekning frá því. Tímar nemenda í hverju fagi í sama árgangi eru látnir liggja saman ef þess gefst kostur. Þetta fyrirkomulag gefur kennurum tækifæri til að vinna saman með ólíkar gerðir námshópa og koma þannig betur til móts við einstaklingana í bekkjunum.

MAT Á STARFI SKÓLANS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga. Þau láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Tilgangurinn með slíku mati er að auka gæði skólastarfs.

Grunnskólalögin kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli Vestmannaeyja er þátttakandi í Skólapúlсинum sem er nemenda-, foreldra – og starfsmannakönnun. Niðurstöður úr þessu mati eru teknar saman af stjórnendum og settar fram í skýrslu. Unnið er með þær niðurstöður með öllum starfsmannahópnum.

Starfsmannasamtöl eru haldin á hverju skólaári og stjórnendur gera samantektir úr þeim.

Í desember 2011 gerði mennta- og menningaráðuneytið úttekt á Grunnskóla Vestmannaeyja. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis um úttektir á grunnskólastigi. Úttektaraðilar voru valdir til verksins af ráðuneytinu í kjölfar auglýsingar og unnu verkið á grundvelli erindisbréfs. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi GRV með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Skýrslur um mat á skólastarfi má finna á heimasíðu skólans:

<https://grv.is/is/page/mat-a-skolastarfi>

INNRA MAT

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Vel þróað innra mat leiðir af sér:

Aukin gæði náms og betri námsárangur.

Innra mat snýst fyrst og fremst um að bæta nám nemenda, námsárangur og

námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna.

- Eflingu fagmennsku og styrkingu lærdómssamfélags.
- Áhersla innra mats á samvinnu, markvissar samræður og ígrundun fagmanna um starfið út frá þeim gögnum sem aflað er, efla fagmennsku og styrkja lærdómssamfélag skólans.
- Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit.
- Vel þróað innra mat gefur yfirsýn yfir gæði og árangur starfsins. Til verða mikilvægar upplýsingar sem nýtast í daglegu starfi en einnig til upplýsingagjafar fyrir helstu hagsmunaaðila. Með innra mati er saga skólanna sögð af þeim sjálfum (MacBeath, 1999).

Hvað er innra mat?

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.

Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Skólum ber að vera með teymi sem sér um að gera áætlun um innra mat. Í þessu teymi sitja deildarstjórar, tveir kennarar, starfsmaður skóla, fulltrúi foreldra og fulltrúi nemenda.

Í skólanámsskrá skal birta langtímaáætlun sem gildir í 3 ár. Í starfsáætlun skólans er birt skammtímaáætlun fyrir skólaárið 2020 -2021.

Matsáætlun næstu fjögurra ára, innra mat GRV 2019-2023

Eftirfarandi matsþættir liggja til grundvallar innra mati í GRV (Grunnskóla Vestmannaeyja):

- Starfsáætlun og skólanámsskrá
- Starfsmannahandbók
- Lestrarstefna
- Nemendur - líðan og þarfir
- Starfsfólk - líðan og þarfir, starfsandi
- Stjórnun
- Skólabragur - viðmót og menning
- Nám og kennsla
- Námsárangur
- Námsmat
- Samstarf heimilis og skóla
- Skólaþróun
- Aðbúnaður - vinnuaðstaða
- Ytri tengsl - samfélag, skólastig

2019-2020 Matsteymi stofnað Skólapúls - nemendur- <u>líðan</u> og þarfir Skólapúls - starfsfólk - <u>líðan</u> , þarfir og starfsandi - aðbúnaður og vinnuaðstaða Skólapúls - foreldrar - samstarf heimilis og skóla Samræmd próf 4. 7. 9. b. Lesfimi - MMS - námsárangur Ungt fólk - könnun um meðal annars <u>líðan</u> nemenda Skýra stefnu skólans! Starfsáætlun og skólanámskrá - endurskoðuð Starfsmannahandbók - endurskoðuð Lestrarstefna - uppfærð SVOT - greining smiðju- og þemadögum	2020-2021 Skólapúls - nemendur - <u>líðan</u> og þarfir Samræmd próf 4. 7. 9. b. Lesfimi - MMS Starfsáætlun og skólanámskrá - endurskoðuð Starfsmannahandbók - endurskoðuð Símenntunaráætlun unnin SVOT - greining smiðju- og þemadögum PISA - könnun - 10. bekkur
2021-2022 Skólapúls - nemendur - <u>líðan</u> og þarfir Skólapúls - starfsfólk - <u>líðan</u> , þarfir og starfsandi - aðbúnaður og vinnuaðstaða. Skólapúls - foreldrar Samræmd próf 4. 7. 9. b. Lesfimi - MMS Starfsáætlun og skólanámskrá - endurskoðuð Starfsmannahandbók - endurskoðuð Lestrarstefna - endurskoðuð SVOT - greining smiðju- og þemadögum	2022-2023 Skólapúls - nemendur - <u>líðan</u> og þarfir Samræmd próf 4. 7. 9. b. Lesfimi - MMS Starfsáætlun og skólanámskrá - endurskoðuð Starfsmannahandbók - endurskoðuð SVOT - greining smiðju- og þemadögum

ÁÆTLUN UM VIÐBRÖGÐ VIÐ SAMSKIPTAVANDA OG/EÐA EINELTI

Nemendur GRV völdu sér lífsgildi árið 2011. Nemendur voru sammála um að mikilvægustu gildin af öllum væru GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA sem eru gildi skólans í dag. Samdóma álit nemenda var að þar sem þú ert öruggur ertu ekki lagður í einelti, þar sem gleði ríkir er líka hamingja og að vinátta og hjálpsemi haldist í hendur. Með því að halda þessi lífsgildi í heiðri getum við lagt grundvöllinn að góðum og jákvæðum samskiptum.

Samskipti í skóla eru mikil og mikilvægt er að við leggjum okkur öll fram um að hafa þau sem best. Ef upp kemur grunur um samskiptavanda og/eða einelt er mikilvægt að grípa strax til aðgerða til að hægt sé að uppræta vandann.

Í skólanum hefur verið útbúin handbók fyrir allt starfsfólk til að vinna eftir ef upp kemur grunur um skamskiptavanda og/eða einelti. Handbókina má finna á heimasíðu skólans <http://grv.is/skrar/file/stodkerfi/handbok-um-vidbrogd-vid-samskiptavanda.pdf>

Samskiptavandi

Á að fara af stað athugun vegna hugsanlegs samskiptavanda og/eða eineltis?

Skilgreining eineltis:

Einelti er siendurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri niðast á einum, sem á erfitt með að verjast. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis.



Ef upp kemur grunur um samskiptavanda og/eða einelti er vinnuferlið hjá umsjónarkennara/kennara eftirfarandi:

1. Notaðu eyðublaðið *Samskiptavandi* til að greina hvort um samskiptavanda er að ræða eða einelti.
2. Kennari metur alvarleika málsins. Ef um alvarlegt mál er að ræða skráir kennari málið skv. leið a. annars skv. leið b.
 - a. Skrá málið á *Tilkynningarblað vegna gruns um samskiptavanda og/eða einelti*. Haldið er áfram með málið eins og kveður á um í lið 3 og 4.
 - b. Skrá málið á *Frumrannsókn vegna gruns um einelti og/eða samskiptavanda*. Ef þessi leið er valin metur kennari hvort halda þurfi áfram með málið eins og kveður á um í lið 3 og 4.
3. Ef um samskiptavanda er að ræða skal umsjónarkennari:
 - a. Halda bekkjarfund, styðjast má við spurningar af eyðublaðinu *Bekkjarfundur*.
 - b. Taka einstaklingsviðtöl ef þurfa þykir, styðjast má við spurningar af eyðublaðinu *Einstaklingsviðtal*.
4. Ef um einelti er að ræða skal umsjónarkennari:
 - a. Hefja skráningu í gátlista vegna eineltismála og útbúa/undirbúa skýrslu um málið sem fyllt er inní jafnt og þétt meðan á vinnslu málsins stendur.
 - b. Skrá í dagbók nemanda að ferli eineltismála og/eða samskiptavanda sé hafið.
 - c. Halda bekkjarfund, styðjast má við spurningar af eyðublaðinu *Bekkjarfundur*.
 - d. Taka einstaklingsviðtöl ef þurfa þykir, styðjast má við spurningar af eyðublaðinu *Einstaklingsviðtal*.
 - e. Skrá *Vinnuferli í máli þolanda*.
 - f. Skrá *Vinnuferli í máli geranda*.

- g. Ef eineltið hættir ekki skal málið sett í hendur stjórnenda sem taka ákvörðun um framhaldið.

Athugið að mjög mikilvægt er að haldið sé vel utan um alla skráningu og stjórnendur látnir vita af gangi mála.

EINELTISHRINGURINN

Eitt af því sem við höfum til að vinna með, bæði í fræðslu og þegar upp koma eineltismál, er eineltishringurinn þar sem sjá má á auðveldan hátt viðbragðamynstur í eineltisaðstæðum og eiga nemendur frá 1. upp í 10. bekk auðvelt með að átta sig á myndinni og staðsetja sig í hringnum.

Markmið okkar er að allir nemendur verði í „græna liðinu“, sýni afstöðu gegn einelti og reyni að hjálpa þeim sem verða fyrir einelti. Rétt eins og í skólanum er eineltishringurinn góður umræðugrunnur um einelti heima fyrir.

Foreldrar eru beðnir um að vera með augu og eyru opin og láta skólann vita ef þeir telja sig hafa vitneskju um einelti eða samskiptavanda barna.



JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Almennt

Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Skapa þarf tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Samkvæmt 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla. Með þessum lögum á að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisáætlun skólans snýr að nemendum skólans sem og starfsmönnum. Það er ósk skólans að einkunnarorð skólans gleði, öryggi og vinátta munu njóta sín betur með þessari áætlun. Það fylgir því ákveðin **gleði** vitandi þess að allir fái sömu tækifæri. Foreldrar geta verið

Öryggir að ekki sé horft til kyns, trúar eða uppruna heldur sé **vinátta** höfð að leiðarljósi í skólagöngu GRV.

Nemendur

Í grunnskólalögum er kveðið á um að veita skuli nemendum fræðslu um jafnréttismál meðal annars til að búa þá undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi.

Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu. Í daglegri umgengni við nemendur skal þess gætt að þeim sé ekki mismunað og komið til móts við þá óháð t.d kynferði, kynhneigð, útliti, uppruna, aldri, og trúarskoðanna.

Skólinn vinnur eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga (Restitution - Self Discipline)* sem leggur áherslu á jákvæð samskipti, auka ábyrgð og sjálfstjórn nemenda og ýta undir að þeir læri sjálfstjórn og að þekka eigin tilfinningar. Einstaklingurinn á að læra að taka siðferðislega ábyrgð á eigin hegðun og taki ákvarðanir út frá löngun fremur en skömm eða sektarkennd. Þess vegna er lögð áhersla á að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar sínar. Þeir eiga jafnframt að kunna að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.

Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál á öllum stigum skólans, í formi kennslu, fyrirlestra eða umræðu.

Grunnskóli Vestmannaeyja notar Skólapúlsinn til að kanna líðan nemenda.

Félagslíf nemenda þarf að hafa það að leiðarljósi að hafa jafnan hlut kynja við val í nemendaráð og við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd. Vinna þarf markvisst með jafnrétti í samfélagsfræði til að vinna gegn stöðluðum ímyndum kynjanna á vinnumarkaði, til dæmis með heimsóknum foreldra sem vinna hin ýmsu störf.

Á síðari stigum grunnskólans fá nemendur náms-og starfsfræðslu bæði með kynningum og þátttöku í atvinnulífinu.

Starfsmenn

Allir starfsmenn skulu njóta sömu möguleika í endurmenntun og starfsþjálfun óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun.

Það er ábyrgð stjórnenda að allir gangi jafnt að borðinu sem og að öll laus störf standi bæði konum og körlum til boða.

Stjórnendur og starfsmenn vinna náið saman til að tryggja að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs gangi sem best. Góð samskipti milli stjórnenda og starfsmanna er mjög mikilvægt þegar kemur að samræmingu starfs og fjölskyldu.

Öll kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin og mun umsvifalaust vera tekið á því með réttum stofnunum. Í anda jafnréttislaganna er það á ábyrgð stjórnenda skólans að tekið verði á slíkum málum.

Kennslu- og námsgögn mega ekki mismuna kynjum, námsgögn sem mismuna eru ávallt tekin úr umferð. Það er á ábyrgð kennara að skima yfir námsefni áður en það er notað í kennslu. Öll verkefni skulu að sama skapi vera á þann veg að ekki er mismunað eftir kynjum, hvort er á við dreifingu á ábyrgð, verkefna eða skiptingu milli nemenda.

Skólinn leitast við að halda námskeið fyrir starfsfólk þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna og um jafnréttismiðaða kennslu.

Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, á að taka upp árlega á starfsmannafundum.

Samantekt

Mikilvægt er að jafnréttisáætlunin sé ávallt í endurskoðun, kynnt fyrir þeim sem að skólastarfinu koma og endurmótuð eftir þörfum. Það er ábyrgð skólastjórnenda að nota matstæki til að vega og meta hvort áætlunin sé í gildi og þá hvort breytingar séu þarfar eða íhlutun á tilteknu máli. Skólastjórnendur nota viðhorfskannanir fyrir nemendur og starfsmannasamtöl meðal annars sem mælitæki.

Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans <http://grv.is/skrar/file/ymislegt/jafnrettisaaetlun-grv.pdf>

Jafnréttisáætlun GRV byggir á:

- Jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Aðalnámskrá grunnskóla
- Skólanámskrá GRV

20. júní 2017